

# Framtíð starfsmenntanáms í garðyrkju



Reykir í Ölfusi. © Mats Wibe Lund. [mats.photoshelter.com](http://mats.photoshelter.com)

Júní 2020

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Formáli.....	4
Samantekt .....	5
1. Garðyrkjunám á Íslandi.....	7
Garðyrkjuskólinn á sér langa sögu.....	7
Garðyrkjunámið.....	7
Markmið og innihald starfsmenntanáms í garðyrkju .....	7
2. Framleiðsla garðyrkjuafurða á Íslandi .....	9
Nauðsynleg framleiðsluaukning í garðyrkju .....	9
Áherslur og stefnumörkun stjórnvalda .....	9
3. Starfsmenntanam innan háskóla.....	11
Garðyrkjuskólinn sameinaður Landbúnaðarháskólanum .....	11
Áhyggjur af velferð garðyrkjunáms og áhrif sameiningar .....	11
4. Ný stefna í andstöðu við atvinnulíf.....	13
Einhliða stefnumótun.....	13
Athugasemdir hagsmunaaðila og áhyggjur af áhrifum stefnunnar.....	13
Leitað eftir samráði og áheyrn .....	13
Fundur haldinn í mennta- og menningarmálaráðuneyti.....	14
Athugasemdir - Innihald stefnunnar .....	14
Athugasemdir – Fyrirkomulag og umgjörð námsins .....	15
Athugasemdir – Aðferðafræði við stefnumótun og innleiðingu nýrrar stefnu .....	16
Athugasemdir – Samskipti og umgengni við mannauð garðyrkjunnar .....	16
Starfshópur skipaður .....	17
Fulltrúar í starfshópi .....	17
Vinnuáætlun, störf starfshópsins hefjast .....	18
Garðyrkjunemendur koma oft til náms með mikilvæga starfsreynslu í farteskinu.....	18
Samlegðaráhrif starfsmenntanáms og háskólanáms .....	18
Samstarf innan starfshópsins .....	19
Lengra verður ekki haldið .....	20
Niðurstaða .....	21
5. Starfsmenntanam í garðyrkju til framtíðar.....	22
Áskorun atvinnulífsins .....	22

Saga íslenskrar garðyrkju og Reykir í Ölfusi tengjast órjúfanlegum böndum.....	22
Frelsa þarf starfsmenntanámið undan Landbúnaðarháskólanum .....	23
Helstu valkostir .....	24
a) Sjálfstæður framhaldsskóli í eigu ríkisins .....	24
b) Sjálfstæður framhaldsskóli.....	24
c) Samningur um framkvæmd námsins við aðra menntastofnun .....	24
Lokaorð.....	25
Viðaukar .....	26
Samþykkt verkáætlun starfshóps frá 27. nóvember 2019 .....	26
Námbratalýsingar garðyrkjubrauta, skv. Stjórnartíðindum 20. júlí 2018.....	27
Endurskoðaður búvörusamningur garðyrkju, 14. maí 2020.....	39
Bréf hagsmunaaðila frá nóvember 2004.....	45
Ályktanir hagsmunafélaga 2019 – 2020 .....	46
Erindi frá starfsmönnum að Reykjum til Mennta- og menningarmálaráðherra dagsett 19. júní 2020. .....	49
Erindi og greinargerð til mennta- og menningamálaráðherra dags. 14. apríl 2020.....	50
Bókun hagsmunafélaga garðyrkunnar um sérálit frá 15. júní sl.....	51

## Formáli

Þessi samantekt er unnin af félagasamtökum hagsmunaaðila í garðyrkju vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er varðandi starfsmenntanám í garðyrkju við Landbúnaðarháskólann. Leitað hefur verið ýmissa leiða síðustu mánuði og ár til að þoka málum til betri vegar en án árangurs.

Sá starfshópur sem skipaður var til að leggja fram tillögur um framtíðarfyrirkomulag starfsmenntanáms í garðyrkju, hefur ekki og mun ekki komast að einni, sameiginlegri niðurstöðu og má því skoða þessa samantekt sem sérálit hagsmunaaðila vegna vinnu starfshópsins.

Starfsnám í garðyrkju er mjög sérhæft og nær engin samlegðaráhrif eru milli þess og annars starfsnáms í landinu. Samlegðaráhrif við háskólanám innan sömu rekstrareiningar eru einnig mjög óveruleg og því er ástæðulaust annað en að fjalla sérstaklega um garðyrkjunámið, eins og hér er gert, með það að leiðarljósi að tryggja heppilegri og heilbrigðari farveg til framtíðar.

Júní 2020

Félag garðplöntuframleiðenda  
Félag iðn- og tæknigreina (FIT)  
Félag skrudgarðyrkjumeistara  
Landssamtök skógareigenda  
Samband garðyrkjubænda  
Samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitarfélaga (SAMGUS)  
Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina

## Samantekt

Allt frá því að Garðyrkjuskóli ríkisins var sameinaður Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) árið 2005, hefur fjarað undan innviðum starfsmenntanáms í garðyrkju að Reykjum í Ölfusi. Þar hefur starfsfólki fækkað og húsakostur látið mjög á sjá. Áherslur sem lagðar eru í háskólanámi eiga ekki við um starfsmenntanám sem er á framahaldsskólastigi og ekki ríkir skilningur stjórnenda á ólíku eðli námsins. Ný stefna LbhÍ og innleiðing hennar 2019-2020, án aðkomu hagsmunaaðila og raunar algerlega í andstöðu við óskir þeirra, hefur sett stöðu starfsmenntanáms í garðyrkju í enn verri farveg en áður var. Hvergi hefur stjórnendum þótt ástæða til að hafa samráð við hagsmunaaðila, jafnvel þó tæplega helmingur starfsmenntanámsins (100 einingar/60 vikur) fari fram í verknámi hjá starfandi garðyrkjufyrirtækjum. Þá fara flestir útskrifaðir nemendur til starfa í garðyrkjufyrirtækjum að námi loknu. Meginmarkmið starfsmenntanámsins eru í raun er að undirbúa nemendur undir fjölbreytt störf á vettvangi garðyrkju, þar sem útskrifaðir nemendur eiga að vera færir um að reka fyrirtæki, starfa sem stjórnendur og veita ráðgjöf á fagsviðum sínum. Skróðgarðyrkja er löggilt iðngrein og furðu má sæta hvers vegna umgjörð þeirrar greinar er nú önnur en annarra iðngreina í landinu.

Hagsmunaaðilar hafa gagnrýnt framgöngu stjórnenda LbhÍ varðandi:

- Innihald stefnunnar.
- Fyrirkomulag, skipurit o.fl.
- Aðferðafræði, skort á samráði o.fl.
- Umgengni stjórnenda LbhÍ við mannaúð garðyrkjunnar innan og utan skólans.

Því miður hafa stjórnendur skólans ekki haft vilja til að koma til móts við sjónarmið hagsmunaaðila og hafa félagasamtök hagsmunaaðila, ályktað hvert af öðru að nauðsynlegt og brýnt sé að finna starfsmenntanami í garðyrkju heppilegri og sjálfstæðari umgjörð, utan LbhÍ. Jafnframt hafa allir fastráðnir starfsmenn sem hafa kennslu í starfsmenntanami garðyrkjunnar að meginstarfi á Reykjum ritað mennta- og menningarmálaráðherra erindi (sent 19. júní 2020), þar sem þeir gera grein fyrir stöðunni, nauðsyn þess að gerðar verði breytingar varðandi stjórnun og fyrirkomulag, sem og mögulegu brotthvarfi þeirra, ef ekki rætist úr fyrir komandi skólaár.

Í nóvember sl. var skipaður starfshópur sem hafa skyldi það verkefni að teikna upp framtíðarsýn og fyrirkomulag starfsmenntanáms í garðyrkju, innan eða utan LbhÍ. Jafnframt mælti Mennta- og menningarmálaráðherra svo fyrir að gert skyldi hlé á skipulagsbreytingum varðandi garðyrkjunámið á meðan starfshópurinn kæmist að niðurstöðu. Skemmst er frá því að segja að þau fyrirmæli höfðu stjórnendur LbhÍ að engu og sendu skýr skilaboð um að ekki stæði til að virða það ferli sem sett var á fót með starfshópnum. Möguleikar um vistun starfsmenntanámsins utan LbhÍ fengust lítið sem ekkert ræddir á vettvangi starfshópsins og ljóst varð fljótt að ekki næðist sameiginleg niðurstaða.

Þeir sem hafa lokið starfsmenntanami í garðyrkju og starfa á vettvangi greinarinnar eru sammála um að námið þurfi að vista utan LbhÍ enda velferð námsins, atvinnugreinarinnar og samfélagslegra áhrifa af garðyrkjustarfsemi í húfi. Á það virðast stjórnendur LbhÍ ekki geta fallist, þrátt fyrir að það eigi reyndar alls ekki að vera þeirra að ráða því. Gildir þar einu þó LbhÍ hafi verið falið að vista námið síðustu ár. Stjórnendur skólans njóta ekki trausts til að halda áfram afskiptum af náminu, hvorki meðal þeirra hagsmunaaðila eða starfsmanna sem ályktað hafa um málið. Það var kannski ekki við því að búast að stjórnendur LbhÍ gætu horft til þess að draga úr fjárveitingum, verkefnum eða eigin áhrifum, óháð því hversu illa hefur farið um þetta starfsmenntanám á framhaldsskólastigi í háskólaumhverfinu.

Mikilvægi þess að bjóða öflugt starfsmennanám í garðyrkju er ótvírætt og forsenda nýliðunar í atvinnugreininni, auk þess sem stefnumótun stjórnvalda beinist að því að efla starfsmenntanám og auka framleiðslu á grænum afurðum um land allt, m.a. til að koma til móts við áherslur varðandi loftlagsmál, sjálfbærni, umhverfismál, atvinnusköpun, fæðuöryggi o.fl.

Nauðsynlegt er að grípa strax til aðgerða til að koma í veg fyrir að starfsmenntanámið skaðist meir en orðið er. Lengra verður ekki haldið við núverandi aðstæður.

Eftir 15 ár liggur ljóst fyrir að sameining starfsmenntanáms í garðyrkju við LbhÍ er tilraun sem misheppnaðist. Eðlilegt er að umræður um framtíðarskipan starfsmenntanáms í garðyrkju, sem er á framhaldsskólastigi, fari fram milli menntamálayfirvalda og atvinnugreinarinnar án afskipta einstakra háskólastofnana eða annarra rekstareininga.



Skrúðgarðyrkja er löggilt iðngrein. Fagið er mikilvægur hlekkur í uppbyggingu þéttbýlis og borgarsamfélaga

# 1. Garðyrkjunám á Íslandi

## Garðyrkjuskólinn á sér langa sögu

Árið 2019 voru liðin 80 ár frá því að garðyrkjunám hófst að Reykjum í Ölfusi. Lengst af hefur námið verið rekið undir merkjum Garðyrkjuskólans að Reykjum en síðustu 15 ár, eða síðan 2005, hefur námið verið vistað innan Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ).

Starfsmenntanám í garðyrkju er nám á framhaldsskólastigi með námslok á hæfniprepi 3.

## Garðyrkjunámið

Garðyrkjunámið skiptist á sex námsbrautir. Í náminu er ákveðinn sameiginlegur grunnur en til viðbótar eru námsgreinar sem lúta að sérhæfingu hvernar brautar. Til að hefja nám í starfsmenntanámi í garðyrkju þurfa nemendur að hafa lokið 20 einingum í framhaldsskóla. Að auki er talið æskilegt að nemendur hafi einnig lokið 30 einingum í tilgreindum námsáföngum og 12 vikna starfstíma í garðyrkju, áður en þeir hefja bóklegt garðyrkjunám með formlegum hætti.

Til útskriftar af garðyrkjubrautum þarf að ljúka 220 einingum þar sem bóklegt nám er 120 einingar en verklegt nám hjá viðurkenndum verknámsfyrirtækjum/leiðbeinendum er 100 einingar. Í skruðgarðyrkju, sem er löggilt iðngrein, þurfa nemendur að standast sveinspróf.

Við uppbyggingu námsins má glögglega sjá þá ríku áherslu sem lögð hefur verið á verklega þjálfun nemenda, þar sem stór hluti námsins (100 einingar, 60 vikur) fer fram á vettvangi atvinnulífsins. Starfandi fólk og fyrirtæki í garðyrkju eru því órjúfanlegur hluti námsins. Eðlilegt er að atvinnugreinin móti námsumgjörðina að verulegu leyti þar sem greinin fósstrar nemendur á námstíma og þangað fara svo nemendur til starfa að námi loknu.

## Markmið og innihald starfsmenntanáms í garðyrkju

Markmið starfsmenntanáms í garðyrkju á öllum brautum eru eftirfarandi:

- Að undirbúa nemendur undir fjölbreytt störf á vettvangi garðyrkju. Þar eiga þeir að vera undir það búnir að reka eigin garðyrkjufyrirtæki eða starfa sem stjórnendur innan annarra garðyrkjufyrirtækja, sveitarfélaga, stofnana o.fl. Útskrifaðir nemendur eiga að vera færir um að veita ráðgjöf á fagsviði sínu.
- Að undirbúa nemendur undir frekara nám.

Starfsgreinaráð Umhverfis- og landbúnaðargreina og fulltrúar atvinnulífsins lögðu fram mikla vinnu við endurskoðun og gerð námsbrautalýsinga, þar sem farið var gaumgæfilega yfir áfangalýsingar og viðmið fyrir þekkingu, leikni og hæfni. Þann 20. júlí 2018 birtist auglýsing í Stjórnartíðindum, nr. 757/2018 þar sem námsbrautalýsingar og tilheyrandi áfangalýsingar voru staðfestar af mennta- og menningarmálaráðherra, fyrir allar brautir, sem eru eftirfarandi:

- Blómaskreytingabraut: <https://namskra.is/programmes/0571de79-3b68-4619-a281-eb11ebf8c605>
- Garð- og skógarplöntubraut: <https://namskra.is/programmes/00c41b32-9a55-425f-9362-6b8db1fc49a0>

- Námsbraut skógar og náttúru: <https://namskra.is/programmes/ee15d094-e5c6-4551-8160-7d46b36d9997>
- Námsbraut um lífræna ræktun matjurta: <https://namskra.is/programmes/e5533f11-b968-4aaf-88e1-b9c10861c416>
- Skrúðgarðyrkjubraut: <https://namskra.is/programmes/99317e0c-242e-4b80-b523-fe2a52329bf8>
- Ylræktarbraut: <https://namskra.is/programmes/5229408b-699b-4e05-b5a3-32b0a2ed5eaa>

Fyrir liggja námsbrautalýsingar til áframhaldandi náms til stúdentsprófs að loknu framhaldsnámi á hæfniprepi 3. Þaðan getur leið nemenda legið t.d. í háskólanám á sviði jarðfræði, líffræði, matvælafræði, næringarfræði og ýmsum öðrum greinum þar sem starfsmenntanám í garðyrkju leggur góðan grunn að dýpri skilningi í viðkomandi fagi.



Töluverð aukning hefur orðið í framleiðslu og neyslu á salati hérlendis undanfarin ár



## 2. Framleiðsla garðyrkjuafurða á Íslandi

### Nauðsynleg framleiðsluaukning í garðyrkju

Framleiðsla garðyrkjuafurða verður sífellt mikilvægari eftir því sem tímar líða. Af þeim sökum, ekki síst, er mikilvægt að hlúa virkilega vel að þeim grunni sem lagður er með starfsmenntanáminu þar sem útskrifaðir nemendur kunna raunverulega til verka við grunnframleiðslu í greininni. Leggja þarf áherslu á að greiða leiðir nemenda að náminu, frá fyrri skólastigum, og útskrifa öflugum nemendum sem reiðubúnir eru að ganga til fjölbreytilegra starfa í garðyrkju eða frekara náms, kjósi þeir svo.

Hagstofa Íslands birtir árlega tölur yfir ýmsa flokka innlendar framleiðslu, jafnframt birtir Hagstofan, tölur um innflutning eftir tollnúmerum. Við skoðun á þessum tölum má sjá að verulegt rými er fyrir aukna framleiðslu á garðyrkjuafurðum til manneldis. Hafa ber í huga að listinn er engan veginn tæmandi:

Grænmeti - innlend framleiðsla og innflutningur 2010 - 2019																						
	2010		2011		2012		2013		2014		2015		2016		2017		2018		2019			
	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%	Magn	%		
Tómatar-ísl.	1.652.000	74%	1.605.000	70%	1.716.000	79%	1.560.000	67%	1.516.000	64%	1.347.000	55%	1.436.000	54%	1.334.000	49%	1.213.000	44%	1.183.000	44%	1.183.000	44%
Tómatar-innfl.	583.384	26%	678.301	30%	445.535	21%	779.490	33%	869.859	36%	1.097.192	45%	1.204.551	46%	1.371.907	51%	1.548.633	56%	1.517.832	56%	1.517.832	56%
Gúrur-ísl.	1.458.000	91%	1.582.000	95%	1.673.000	98%	1.781.000	99%	1.807.000	99%	1.826.000	100%	1.868.000	100%	1.857.000	95%	1.927.000	99%	1.924.000	97%	1.924.000	97%
Gúrur-innfl.	145.911	9%	91.027	5%	35.755	2%	25.338	1%	11.406	1%	7.422	0%	8.466	0%	103.028	5%	21.529	1%	55.906	3%	55.906	3%
Paprika-ísl.	186.731	14%	229.428	16%	261.000	17%	243.000	16%	223.000	14%	215.000	14%	190.000	11%	191.000	12%	181.000	11%	202.000	11%	202.000	11%
Paprika-innfl.	1.145.374	86%	1.211.493	84%	1.248.787	85%	1.294.668	84%	1.326.103	86%	1.368.580	86%	1.483.947	89%	1.469.329	88%	1.542.304	89%	1.599.086	89%	1.599.086	89%
Blómkál-ísl.	114.220	30%	105.400	30%	136.000	34%	51.000	14%	44.000	11%	50.000	14%	60.000	14%	55.000	12%	47.000	9%	77.000	11%	77.000	11%
Blómkál-innfl.	261.367	70%	251.455	70%	269.613	66%	308.935	86%	349.065	89%	318.067	86%	365.017	86%	413.949	88%	488.026	91%	619.258	89%	619.258	89%
Gulrætur-ísl.	612.372	53%	744.872	61%	682.000	55%	360.000	33%	780.000	49%	550.000	44%	778.000	49%	750.000	49%	520.000	35%	900.000	48%	900.000	48%
Gulrætur-innfl.	543.301	47%	484.143	39%	552.625	45%	739.143	67%	801.519	51%	701.907	56%	794.550	51%	765.943	51%	982.531	65%	972.665	52%	972.665	52%
Hvítkál-ísl.	424.795	58%	449.317	57%	408.000	57%	158.000	31%	135.000	23%	160.000	25%	143.000	23%	276.000	39%	154.000	20%	246.000	29%	246.000	29%
Hvítkál-innfl.	311.182	42%	338.264	43%	308.348	43%	343.884	69%	448.768	77%	485.080	75%	483.912	77%	431.764	61%	628.596	80%	607.087	71%	607.087	71%
Kínakál-ísl.	164.423	49%	185.185	59%	196.000	65%	71.000	40%	84.000	46%	75.000	43%	41.000	22%	50.000	28%	37.000	20%	30.000	16%	30.000	16%
Kínakál-innfl.	169.088	51%	127.321	41%	106.693	35%	104.994	60%	97.854	54%	98.142	57%	148.827	78%	126.941	72%	144.333	80%	154.666	84%	154.666	84%
Spergilkál-ísl.	108.483	35%	85.383	25%	129.183	37%	49.000	15%	50.000	14%	70.000	17%	70.000	16%	68.000	16%	45.000	8%	100.000	17%	100.000	17%
Spergilkál-innfl.	199.994	65%	251.455	75%	222.381	63%	288.717	85%	304.572	86%	337.323	83%	365.051	84%	349.281	84%	486.832	92%	499.430	83%	499.430	83%
Gulrófur-ísl.	833.000	98%	759.000	99%	1.265.000	94%	670.000	100%	1.070.000	84%	1.200.000	95%	938.000	97%	930.000	97%	540.000	87%	1.140.000	87%	1.140.000	87%
Gulrófur-innfl.	21.142	2%	6.727	1%	87.519	6%	76	0%	207.101	16%	68.162	5%	32.000	3%	27.135	3%	77.421	13%	170.000	13%	170.000	13%
Salat-ísl.	99.995	7%	107.698	7%	161.414	10%	269.000	18%	309.000	18%	335.000	20%	384.000	22%	370.000	22%	403.000	23%	407.000	24%	407.000	24%
Salat-innfl.	1.404.206	93%	1.437.085	93%	1.449.530	90%	1.206.320	82%	1.378.537	82%	1.352.987	80%	1.328.873	78%	1.309.359	78%	1.313.368	77%	1.313.368	76%	1.313.368	76%
Kartöflur-ísl.	12.460.000	90%	7.222.000	91%	9.700.000	84%	6.000.000	82%	8.260.000	76%	9.050.000	87%	9.930.000	92%	9.000.000	84%	6.020.000	66%	8.200.000	86%	8.200.000	86%
Kartöflur-innfl.	1.461.488	10%	749.232	9%	1.847.770	16%	1.290.545	18%	2.538.870	24%	1.350.166	13%	812.410	8%	1.680.710	16%	3.160.659	34%	1.388.710	14%	1.388.710	14%
Sveppir-ísl.	579.121	94%	583.473	93%	575.000	89%	585.000	88%	602.000	90%	550.000	76%	585.000	72%	580.000	70%	580.000	66%	560.000	63%	560.000	63%
Sveppir-innfl.	36.706	6%	44.932	7%	72.608	11%	82.171	12%	63.679	10%	175.704	24%	230.829	28%	244.947	30%	300.691	34%	330.417	37%	330.417	37%
Heildarmagn	24.976.283		19.330.191		23.549.761		18.261.281		23.277.333		22.788.732		23.681.433		23.755.293		22.361.923		24.197.425		24.197.425	
Íslensk framl.	75%		71%		72%		65%		64%		68%		69%		65%		52%		62%		62%	

Magn í kg.  
Heimild: Hagstofa Íslands

Umtalsvert rými virðist vera fyrir aukna innanlandsframleiðslu á íslenskum markaði

## Áherslur og stefnumörkun stjórnvalda

Við endurskoðun búvörusamninga í garðyrkju var m.a. lögð áhersla á að auka verulega stuðning við framleiðslu garðyrkjuafurða til manneldis, auk þess sem áherslur stjórnvalda varðandi aðgerðir í loftlagsmálum koma inn sem nýmæli í samninginn. Samningurinn var undirritaður þann 14. maí 2020.

Sjá: [https://www.bondi.is/files/vidhengi/gardyrkja\\_undirritad\\_140520.pdf](https://www.bondi.is/files/vidhengi/gardyrkja_undirritad_140520.pdf)

Endurskoðun samningsins sýnir í verki þær áherslur sem stjórnvöld vilja leggja á aukna sjálfbærni í framleiðslu og ræktun hérlendis, sem og aðgerðir í loftlagsmálum. Til að þau markmið nái fram að ganga þarf að hlúa að þeim sem starfa í garðyrkju og auka þar nýliðun. Það verður meðal annars gert með því að standa vörð um starfsmenntamálið og bjóða þeim sem starfa í greininni vandaða endurmenntun og ráðgjafarþjónustu.

Það verður ekki hjá því komist að nefna hér frekar þær áherslur sem stjórnvöld um víða veröld hafa lagt á aðgerðir í loftlagsmálum. Til viðbótar við beinar aðgerðir sem miða að aukinni sjálfbærni í matvælaframleiðslu mun koma til umfangsmikilla aðgerða þar sem

kolefnisbinding mun m.a. fara fram með skógrækt. Ljóst má vera að nauðsyn framleiðsluaukingar er mikil í matvælahlutanum en ekki er síður þörf á því að stórauka framleiðslu á garð- og skógarplöntum. Sterkir framleiðendur eru lykilatriði til þess að framangreind markmið náist og ekki verður unnt að stunda rannsóknir, nýsköpun og vöruþróun á þessum vettvangi ef grunnurinn er veikur eða ekki fyrir hendi. Um þetta þarf að skapast skilningur milli atvinnulífsins og stjórnvalda og ekki síður við öll skólastig.

Ánægjulegt er að sjá þær áherslur sem lagðar eru í til grundvallar í sáttmála núverandi ríkisstjórnar.

Sjá: <file:///C:/Users/kma/Desktop/LBH%C3%8D-stefna/Skilask%C3%BDrslaj%C3%BAn%C3%AD2020/sattmali-rikisstjornarsamstarf.pdf>

Þar segir á bls. 7-8:

*„Ríkisstjórnin vill tryggja framhaldsskólum frelsi og fjármagn til eigin stefnumótunar innan ramma framhaldsskólalaga og kanna kosti sveigjanlegra skólaskila. Ráðist verður í stórsókn í uppbyggingu hjúkrunarrýma. Ríkisstjórnin ætlar að leggja sérstakra áherslu á listnám og aukna tækniþekkingu sem gera mun íslenskt samfélag samkeppnishæfara á alþjóðavísu. Iðnnám og verk- og starfsnám verður einnig eft í þágu fjölbreytni og öflugra samfélags. Jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum verður meginmarkmið. Endurskoða þarf löggjöf um framhaldsfræðslu og setja skýran ramma um starfsemi menntastofnana og samstarf við atvinnulífð“.*



Íslensk jarðarber eru nú á boðstólnum stærri hluta ársins en áður var

### 3. Starfsmenntanám innan háskóla

#### Garðyrkjuskólinn sameinaður Landbúnaðarháskólanum

Garðyrkjuskóli ríkisins var formlega sameinaður Landbúnaðarháskóla Íslands 2005 og hefur starfsmenntanámið verið vistað þar síðan.

#### Áhyggjur af velferð garðyrkjunáms og áhrif sameiningar

Þegar tekin var ákvörðun um að sameina Garðyrkjuskólann að Reykjum og Landbúnaðarháskólann voru strax skiptar skoðanir um þá framkvæmd. Þekkt eru dæmi frá nágrannalöndunum, t.d. Noregi, þar sem breytingar á umgjörð garðyrkjunáms hafa haft alvarlegar afleiðingar fyrir námið og nýliðun í greininni.

Í nóvember 2004 sendu hagsmunaaðilar í garðyrkju frá sér eftirfarandi ályktun:

*„Ályktun stjórna fagfélaga græna geirans vegna skipulags  
Landbúnaðarháskóla Íslands*

*Fundur stjórna fagfélaga græna geirans svokallaða (sjá upptalningu félaganna neðanmáls), haldinn þann 4. nóvember 2004 sendir frá sér svohljóðandi ályktun:*

*„Fundurinn leggur áherslu á að standa þurfi vörð um samfellda garðyrkjumenntun í landinu, frá grunnnámi upp í háskóla. Mikilvægt er að áfram sé unnið að garðyrkjumenntun í fullri sátt og samvinnu við atvinnulífið, eins og verið hefur.*

*Fundurinn krefst þess að sú uppbygging fari fram á Reykjum, lögheimili garðyrkjunnar, í samræmi við yfirlýsingar landbúnaðarráðherra. Fundurinn mótmælir því að garðyrkjunám sé slitið í sundur og komið fyrir á víð og dreif, eins og drög að skipuriti Landbúnaðarháskóla Íslands gera ráð fyrir.”*

*F.h. stjórna fagfélaga græna geirans:*

*Félag garðplöntuframleiðenda*

*Félag grænmetisframleiðenda*

*Félag blómaframleiðenda*

*Félag kartöfluframleiðenda*

*Samband garðyrkjubænda*

*Félag skrudgarðyrkjumeistara*

*Félag blómaverslana*

*Félag iðn- og tæknigreina*

*Félag blómaskreyta*

*SAMGUS – Samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra*

*FÍLA – Félag íslenskra landslagsarkitekta“*

Á þeim tíma sem erindið var sent var m.a. komið til móts við áhyggjur greinarinnar með því að hafa starfsmenntanám í garðyrkju saman í einni deild að Reykjum, enda eru samlegðaráhrif milli garðyrkjubrautanna sex, töluverð.

Í kjölfar sameiningar Garðyrkjuskólans að Reykjum og LbhÍ missti garðyrkjunámið frá sér mjög hæft og reynslumikið fólk í kennslu vegna fyrirkomulags innan skólans. Var það greininni sár missir. Sérhæft starfsfólk sem gefur kost á sér til starfa við kennslu í starfsmenntanámi í garðyrkju er ekki á hverju strái.

Áhyggjur atvinnulífsins í garðyrkjunni varðandi velferð starfsmenntanámsins í reyndust því miður á rökum reistar. Reglulega hafa komið upp aðstæður þar sem sjónarmið og áherslur atvinnulífsins og starfsmenntanámsins hafa vikið fyrir þörfum og óskum háskólanáms og starfsmanna þar. Hefur það bitnað á framþróun námsins og greinarinnar. Þrátt fyrir það hafa

hagsmunaaðilar í garðyrkju til þessa reynt að styðja skólann og starfsmenntanámið, m.a. með þátttöku í viðburðum, hagnýtum tilraunum og samstarfsverkefnum, með því að tala máli skólans við löggjafar- og fjárveitingavaldið, auk þess sem fólk og félög á vettvangi garðyrkjunnar hafa gefið gjafir til skólans og útskriftarnemenda. Nú hafa samskipti atvinnulífs og skólans hins vegar þróast með þeim hætti að ekki verður lengra haldið á þeirri vegferð og brýnt er að starfsmenntanámið öðlist frelsi frá LBHÍ svo núverandi ástand skaði ekki námið og atvinnugreinina meira en orðið er.



Frá undirritun kjarasamnings Samiðnar og Sambands garðyrkjubænda, 2019

## 4. Ný stefna í andstöðu við atvinnulíf

### Einhliða stefnumótun

Þann 7. júní 2019 var boðað til fundar hjá LbhÍ með hagsmunaaðilum starfsmönnum og öðrum áhugasömum að Hvanneyri. Fundurinn var boðaður eftir hádegi, föstudag fyrir hvítasunnu. Fundarboð barst með afar stuttum fyrirvara og ekki fengu allir hagsmunaaðilar boð til fundarins. Það vekur t.d. undrun að Félagi iðn- og tæknigreina, sem er bæði sveinafélag í skrudgarðyrkju og stéttarfélag garðyrkjufraðinga, auk Skógræktarinnar, skuli ekki hafa fengið boð sem hagsmunaaðilar. Ekki voru send út gögn fyrir fundinn en fundarefnið sagt vera kynning á nýrri stefnu skólans.

Þegar til fundarins var komið var gengið til þess að kynna með um 90 mínútna langri kynningu, nýja stefnu skólans, en stefnan í heild var þó ekki gerð öllum fundargestum aðgengileg þar mjög fá útprentuð eintök lágu frammi á fundinum. Lítið og nær ekkert rými var gefið fyrir spurningar, athugasemdir eða umræður á fundinum. Ljóst mátti vera að hagsmunaaðilar fengu kynningu á orðnum hlut og ekki var ætlast til þess að þeir hefðu skoðanir á stefnunni eða áhrif á hana.

### Athugasemdir hagsmunaaðila og áhyggjur af áhrifum stefnunnar

Þennan dag sáu þeir hagsmunaaðilar sem boðið var til fundarins í fyrsta sinn þá nýju stefnu sem mörkuð hafði verið og hafin var innleiðing á. Við fyrstu sýn vöknudu strax efasemdir, t.d. þegar því var varpað fram að framvegis skyldi starfsmenntanám í garðyrkju verða aðfararnám að háskólanámi. Ekki er enn ljóst hvort fallið hafi verið frá þeim áformum innan skólans, en garðyrkjufraðingar og skrudgarðyrkjumeistarar líta á þann gjörning sem hreina gjaldfellingu á námi sínu, enda um réttindanám og löggilt iðnnám að ræða, þar sem m.a. eru gerðir sérstakir kjarasamningar fyrir stéttina af hálfu Samiðnar. Ýmsar áherslur í stefnunni báru það skýrt með sér að háskólanámið væri í forgrunni og þarfir starfsmenntanámsins síður. Í stefnunni eru t.d. áherslur sem lúta að rannsóknum og nýsköpun og falla ágætlega að markmiðum náms á háskólastigi. Áherslur á kennslu og verklega þjálfun sem starfsmenntanámið hverfist um, eru hins vegar ekki nægjanlegar og í raun á skjön við samþykktar námsbrautalýsingar varðandi starfsmenntanámið á framhaldsskólastigi.

### Leitað eftir samráði og áheyrn

Í kjölfar kynningarfundarins sendu hagsmunaaðilar strax erindi til stjórnenda LbhÍ og afrit á mennta- og menningarmálaráðuneyti, þar sem óskað var eftir því að ekki yrði gengið lengra í innleiðingu nýrrar stefnu fyrr en að loknu samtali við hagsmunaaðila.

Hagsmunaaðilar héldu sameiginlegan fund og ræddu nýja stefnu og drög að nýju skipuriti sem þá lá fyrir. Í því kom m.a. fram að liða ætti starfsmenntanámið í garðyrkju sundur undir þrjár mismunandi háskóladeildir í stað þess að vista námið saman í einni deild. Þá hafði einnig verið ákveðið að leggja niður starfs- og endurmenntunardeild skólans.

Frameftir sumri og hausti 2019 reyndu hagsmunaaðilar að fá samtal um stefnuna og innleiðingu hennar við stjórnendur LbhÍ út frá málefnalegum athugasemdum. Ekki var komið til móts við þær óskir, hvorki með sameiginlegum fundi, né því að tekið væri raunverulegt mark á fram komnum athugasemdum.

Staðan var tekin fyrir á sameiginlegum fundum hagsmunaaðila og á vettvangi hvers hagsmunafélags fyrir sig. Hafa hagsmunafélögin sent út ályktanir í kjölfar funda sinna. Allar bera þær að sama brunn: Að bjarga þurfi starfsmenntanáminu með því að færa það undan LbhÍ og gera það að sjálfstæðri rekstrareiningu.

Þessar áherslur hagsmunafélaganna ríma í raun afar vel við þær áherslur sem fram koma í ríkisstjórnarsáttmálanum og gerð er grein fyrir hér fyrr, þar sem sérstaklega er til þess tekið að auka þurfi frelsi til stefnumótunar og fjármagn til náms á framhaldsskólastigi.



Mikil eftirspurn er eftir aukinni framleiðslu á öllum sviðum garðyrkjunnar

## Fundur haldinn í mennta- og menningarmálaráðuneyti

Þegar fjöldi ábendinga, athugasemda og ályktana hafði borist til mennta- og menningarmálaráðuneytis boðaði ráðherra til fundar með hagsmunaaðilum og fulltrúum LbhÍ, 1. nóvember 2019.

Á fundinum gerðu hagsmunaaðilar grein fyrir athugasemdum sínum sem í meginatriðum beinast að fjórum þáttum:

- Innihald stefnunnar.
- Fyrirkomulag og umgjörð námsins.
- Aðferðafræði við stefnumótun, innleiðingu og framkvæmd starfsmenntanáms.
- Samskipti og umgengni við mannauð garðyrkjunnar.

Verður hér gerð nánari grein fyrir athugasemdum hagsmunaaðila varðandi framangreinda þætti.

## Athugasemdir - Innihald stefnunnar

Þær athugasemdir við stefnuna sem hagsmunaaðilar bentu á að samræmdust ekki áherslum í starfsmenntanámi í garðyrkju lutu meðal annars að því hve lítil áhersla var lögð á kennslu og verklega þjálfun. Þess í stað var fjallað þeim mun meira um vöruþróun, nýsköpun og rannsóknir. Allt er það góðra gjalda vert en hlutverk starfsmenntanámsins er að tryggja grunninn og þjálfna þá sem raunverulega kunna til verka í ræktun og framleiðslu garðyrkjuafurða. Það er mat hagsmunaaðila að sú kennsla verði í raun útundan í stefnunni. Vert er einnig að minna á að nýsköpun og verkefni og aðgerðir í þeim efnum heyra í raun undir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Sú efling náms sem fjallað er um í stefnunni virðist einkum eiga að fara fram á háskólastiginu og þá helst með því að sækja um styrki og samstarfsverkefni. Raunverulegt samstarf og samráð við atvinnulíf til eflingar starfsmenntanáms í garðyrkju er ekki sjáanlegt í stefnunni.

Óljóst er hvort það er ennþá fyrirhugað af hálfu stjórnenda skólans að starfsmenntanám í garðyrkju verði í raun aðfararnám að háskólanámi og tapi þar með stöðu sinni sem sjálfstætt starfsmenntanám og iðnnám í skrudgarðyrkju. Sú meðferð og umgjörð sem skrudgarðyrkju er boðin innan skólans, sem löggiltri iðngrein, er ekki í samræmi við það sem tíðkast í öðrum iðngreinum. Upp hlýtur að koma sú spurning hvort ætlunin sé að ganga þannig fram gagnvart fleiri iðngreinum í framtíðinni, þar sem háskólastjórnendur hlutast til um námið og umgjörð þess án aðkomu greinarinnar? Er það í fullu samræmi við áherslur stjórnvalda um aukið vægi iðn- og starfsmenntanáms?

Engin greining virðist hafa farið fram á væntum áhrifum eða afleiðingum af nýrri stefnu og innleiðingu hennar. Greining á þeim þáttum sem vel hafa gengið og mikilvægt er því að varðveita, virðist heldur ekki hafa verið gerð og ekki hefur fengist fram rökstuðningur fyrir því sem í stefnunni felst eða fylgiskjölum sem byggja á henni, s.s. skipuriti og endurskoðuðum reglum skólans.

## **Athugasemdir – Fyrirkomulag og umgjörð námsins**

Almennt er talið að skerpa þurfi á lagalegri umgjörð háskóla sem bjóða starfsmenntanám á framhaldsskólastigi. Þrátt fyrir að starfsmenntanám hafi verið vistað innan háskóla um margra ára skeið virðist enn skorta traustari grunn í þeim efnunum.

Sá langi tími sem liðið hefur án þess að línur skýrðust með lagalegan grunn sýnir ef til vill best hversu vandmeðfarið það er að setja starfsmenntanám inn í háskólaumgjörð, enda hefur víða reynst erfitt að samræma áherslur ólíkra skólastiga í sömu rekstrareiningu, um það vitna dæmi innanlands og utan. Það er ekki að ástæðulausu sem hagsmunaaðilar benda á þá þekkilegu leið til framfara að gera starfsmenntanámið að sjálfstæðri rekstrareiningu á framhaldsskólastigi. Þar er engin óvissa um lagalegan grunn, námið er einfaldlega starfrækt á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Hagsmunaaðilar sem standa að þessari samantekt telja í raun að lögsaga háskóla yfir starfsmenntanámi og löggiltu iðnnámi sé afar takmörkuð, enda starfa háskólar eftir lögum um háskóla nr. 63/2006. Markmið og áherslur þessara tveggja skólastiga eru ólík og skortur á skilningi gagnvart starfsmenntanámi í háskólaumhverfinu hefur reynst dragbítur á framfarir og jákvæða þróun í starfsmenntanámi í garðyrkju.

Samtal um framtíðarskipan starfsmenntanáms í garðyrkju ætti í raun að fara fram milli fulltrúa atvinnugreinarinnar og menntamálayfirvalda. Ekki verður séð að LbhÍ komi námið í raun við, þó það hafi verið vistað þar undanfarin ár. Reynslan hefur sýnt að afskipti stjórnenda þar af náminu hafa ekki reynst farsæl og engin sérstök rök hníga að því að vista námið þar til framtíðar fremur en í öðrum menntastofnunum.

Við breytingar á stefnu LbhÍ var innleitt nýtt skipurit. Þar er starfsmenntanám í garðyrkju liðið í sundur úr einni deild starfs- og endurmenntunar, undir þrjár mismunandi háskóladeildir. Deildarforsetar koma allir úr röðum háskólahlutans. Þetta leiðir enn til þess að áhrif og sýnileiki starfsmenntanámsins minnkar, enda ekki sami skilningur á þörfum starfsmenntanámsins meðal þeirra sem ekki hafa bakgrunn á þeim vettvangi.

Við sameiningu Garðyrkjuskólans að Reykjum við LbhÍ var það gagnrýnt að sýnileiki námsins minnkaði. Ekki er við því að búast að nemendur sem hyggjast leggja stund á framhaldsnám, leiti að því innan háskóla. Því miður hefur skólinn ekki fengist til að leggja fram skrifleg gögn um nemendafjölda og þróun aftur í tímann. Þeir sem þekkja til úr röðum hagsmunaaðila vita þó að árið 2006 útskrifaðist stór árgangur, enda voru það nemendur sem innrituðust í Garðyrkjuskóla ríkisins. Eftir það varð veruleg fækkun í röðum nemenda og

minnkandi aðsókn sem hagsmunaaðilar rekja m.a. til minni sýnileika. Það hefur tekið mörg ár að endurheimta þann áhuga sem var á garðyrkjunámi og má e.t.v. ekki síst þakka samfélagslegum breytingum, áherslum stjórnvalda og öflugri starfsemi hagsmunafélaga þá auknu athygli og velvild sem íslensk garðyrkja nýtur um þessar mundir.

## **Athugasemdir – Aðferðafræði við stefnumótun og innleiðingu nýrrar stefnu**

Ekki verður hjá því komist að gera grein fyrir því að mikil óánægja hefur verið með samskipti við stjórnendur LbhÍ við gerð og innleiðingu nýrrar stefnu, einkum og sér í lagi á það við nú síðustu 12 – 18 mánuði. Það samráðsleysi sem viðhaft var við gerð stefnunnar eru vonbrigði og mikið umhugsunarefni. Svo virðist sem þekkingu hagsmunaaðila, félaga þeirra, starfsgreinaráðs umhverfis- og landbúnaðargreina o.fl. sé markvisst haldið frá.

Meðal stjórnenda virðast ríkja þau viðhorf að atvinnulífinu komi námið ekki við, það sé einvörðungu á forræði skólans. Þetta er álíka viðeigandi eins og að halda því fram að foreldrum komi grunnskólastarf ekki við. Áherslur flestra menntastofnana og stjórnvalda hafa einmitt verið í þá átt að efla í hvívetna samstarf menntunar og atvinnulífs. Í garðyrkju hlýtur það að vera óhjákvæmilegt þar sem tæpur helmingur námsins fer fram á vettvangi starfandi garðyrkjufyrirtækja. (100 einingar af 220). Hér virðist alveg gleymast fyrir hvern námið er starfrækt í raun, þ.e. fyrir nemendur, atvinnulíf og samfélagið allt.

Að ganga fullkomlega framhjá hagsmunaaðilum við gerð stefnunnar er óskiljanlegt og vandséð hvers vegna ekki var orðið við óskum um sameiginlegan fund til að ræða athugasemdir og ábendingar. Þess í stað hafa einstaka stjórnendur hringt eða fundað löngum stundum með einum eða fáum fulltrúum og hafa upplýsingar úr þeim samtölum bæði verið misvísandi og óáreiðanlegar. Afskipti rektors af starfsemi frjálsra félaga og klögumál vekja einnig furðu. Það getur tæplega verið hlutverk stjórnenda í opinberum menntastofnunum að skipta sér af samskiptum innan félagasamtaka eða framsetningu efnis á vefmiðlum einstakra félaga.

Það er engu líkara en að stjórnendur skólans leitist vísvitandi við að efna til óeiningar við hagsmunaaðila. Um það eru fjölmörg dæmi sem óþarft er að rekja hér en velkomið er að leggja fram gögn ef eftir því er óskað.

## **Athugasemdir – Samskipti og umgengni við mannauð garðyrkjunnar**

Umgengni stjórnenda við mannauð garðyrkjunnar hefur orðið tilefni athugasemda. Í fyrri kafla er gerð grein fyrir því hvernig stjórnendur LbhÍ virðast sniðganga reynslu og þekkingu hagsmunaaðila markvisst og leitast við að efna til ófriðar við atvinnulífið með samráðsleysi og/eða ögrunum. Hagsmunaaðilar hafa dregið úr samskiptum við LbhÍ, sagt sig frá samstarfsverkefnum og leita í vaxandi mæli á önnur mið, þar sem vinsamlegra og hæfara samstarfsumhverfi býðst.

Sömu sögu virðist vera að segja gagnvart starfsmönnum sem koma að starfsmenntanámi í garðyrkju. Hagsmunaaðilar hafa fengið að vita að starfsmönnum að Reykjum líður ekki vel við störf, þekking þeirra og hæfni fær ekki notið sín sem skyldi m.a. vegna skorts á sjálfstæði. Athugasemdir starfsmanna virðast í flestum tilfellum hljóta sömu örlög á ábendingar hagsmunaaðila, þ.e. ekki á þær hlustað né tillit tekið til þeirra. Frá sameiningu Garðyrkjuskólans og LbhÍ hefur starfsfólki við starfsmenntanámi í garðyrkju að Reykjum fækkað umtalsvert.

Þessi staða er náminu mjög hættuleg þar sem raunverulega getur komið til þess að sá dýrmæti mannauður sem staðið hefur að starfsmenntanáminu, hverfi frá og til annarra starfa. Ekki er hlaupið að því að fá aðra til starfa í staðinn, enda um sérhæfð störf að ræða sem krefjast



sérmenntunar og þekkingar á íslenskum aðstæðum. Ekki er um auðugan garð að gresja varðandi íslenskt námsefni í garðyrkju. Það efni sem nú er uppistaðan í bóklegu starfsmenntanámi í garðyrkju er að stærstum hluta búið til af þeim sem kenna viðkomandi fög í því í eigu þeirra, skv. höfundarrétti.

Nú er svo komið að allir fastráðnir starfsmenn sem hafa kennslu í starfsmenntanámi garðyrkjunnar að meginstarfi á Reykjum hafa ritað mennta- og menningarmálaráðherra erindi (sent 19. júní 2020), þar sem þeir gera grein fyrir stöðunni, nauðsyn þess að gerðar verði breytingar varðandi stjórnun og fyrirkomulag og mögulegt brotthvarf þeirra, ef ekki rætist úr fyrir komandi skólaár.

Ekki þarf að fjölyrða um hversu alvarleg þessi staða er gagnvart náminu og framtíð þess, nemendum og atvinnugreininni í heild.



Það er að jafnaði glatt á hjalla að Reykjum á sumardaginn fyrsta

## Starfshópur skipaður

Á fundi fulltrúa hagsmunaaðila, LbhÍ og mennta- og menningarmálaráðherra þann 1. nóvember 2019 var ráðherra gerð grein fyrir framangreindum athugasemdum. Niðurstaða ráðherra var skýr og kunngerð í lok fundar. Þar sem ráðherra höfðu þegar borist fjölmargar athugasemdir og ábendingar vegna málsins var lögð áhersla á skipa starfshóp sem vinna skyldi hratt. Hópnum yrði falið yrði að teikna upp mögulega framtíðarskipan starfsmenntanáms í garðyrkju, innan eða utan LbhÍ. Jafnframt kom skýrt fram í máli ráðherra að nú skyldi taka kúnstþásu og bíða með allar skipulagsbreytingar varðandi garðyrkjunámið þar til starfshópur hefði lokið störfum og farvegur námsins ákveðinn til framtíðar.

## Fulltrúar í starfshópi

Starfshópur var settur á laggirnar, skv. skipunarbréfi ráðherra dags. 22. nóvember 2019. Í honum tóku sæti eftirtaldir:

Álfheiður Marinósdóttir, LbhÍ  
Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Bændasamtök Íslands  
Guðríður Helgadóttir, LbhÍ  
Gunnar Þorgeirsson, Samband garðyrkjubænda  
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, LbhÍ

Heiðar Smári Harðarsson, Félag skrudgarðyrkjumeistara  
Heimir Janusarson, Félag iðn- og tæknigreina  
Jóhannes Kristjánsson, LbhÍ  
Ólafur Grétar Kristjánsson, Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, LbhÍ  
Þórarinn Sólmundarson, Mennta- og menningarmálaráðuneyti

## Vinnuáætlun, störf starfshópsins hefjast

Fyrsti fundur starfshópsins fór fram þann 27. nóvember 2019. Var á þeim fundi lögð fram verkáætlun sem samþykkt var af öllum hópnum. Ljóst var að vanda ætti til verka og fengu smærri hópar afmörkuð viðfangsefni til umræðu sem kynna átti á samráðsfundum. Fulltrúar hagsmunaaðila gengu bjartsýnir og jákvæðir til verks enda þóttu viðbrögð ráðherra benda til þess að nú skyldi starfsmenntanáminu fundinn heppilegur og friðsæll farvegur þar sem námið næði að blómstra til framtíðar.

Það kom hagsmunaaðilum því í opna skjöldu þegar rektor LbhÍ boðaði fyrsta fund sinn til innleiðingar á nýju skipuriti í Garðyrkjuskólanum á Reykjum þann 6. nóvember 2019, fimm dögum eftir að ráðherra hafði lýst því yfir að nú ætti að taka kúnstpásu og gefa starfshópnum ráðrúm til sinnar vinnu. Á fundinum með starfsmönnum að Reykjum 6. nóvember lýsti rektor því yfir að áfram skyldi haldið með skipulagsbreytingar, enda hefði sá ferill allur farið sína lögformlegu leið og ekki ástæða til annars. Fulltrúar atvinnulífsins kvörtuðu umsvifalaust til ráðuneytis og tveimur dögum síðar mætti rektor að Reykjum að nýju ásamt mannauðsstjóra og tilkynnti að ákveðið hefði verið að taka Reyki og garðyrkjunámið út fyrir sviga á meðan á vinnu starfshóps stæði. Starfsmenn væru þó hvattir til að taka þátt í vinnu í háskóladeildum. Þrátt fyrir yfirlýsingu rekstors um að námið að Reykjum yrði nú tekið út fyrir sviga við innleiðingu nýs skipurits, var starfsmönnum skipt milli þriggja deilda og öll þeirra verkefnið vistuð á forræði viðkomandi deilda. Garðyrkjunámið var því tekið til hliðar í orði en ekki í verki, þvert á tilmæli ráðherra.

## Garðyrkjunemendur koma oft til náms með mikilvæga starfsreynslu í farteskinu

Sérstaða starfsmenntanáms í garðyrkju í samburði við annað starfsmenntanám er að nemendur eru yfirleitt eldri að árum en nemendur í öðru starfsmenntanámi. Veldur þar einkum tvennt. Í fyrsta lagi hefur innritun farið fram annað hvert ár og nemendur eiga ekki greiða leið til að hefja starfsmenntanám í garðyrkju strax að loknum grunnskóla þar sem krafist er lágmarksaldurs og lágmarks fjölda framhaldsskólaeininga. Hins vegar eru þeir sem koma í námið eru oft starfandi aðilar í faginu og vita hvar námið er að finna. Þeir koma til námsins eftir að hafa öðlast markvissa starfsreynslu í faginu og sækja nám við skólann til að styrkja sig faglega í daglegum störfum. Eigendur margra stærstu garðyrkjufyrirtækja landsins hafa þannig sótt nám í skólanum undanfarin ár og áratugi. Það er góð blanda að fá reynt garðyrkjufólk í nám við hlið þeirra sem eru að stíga þar sín fyrstu skref. Þar miðlar hver af sínu og þar hafa skapast góð tengsl milli fólks sem leitt hefur til samstarfs að námi loknu. Hagsmunaaðilar hafa mótaðar tillögur með hvaða hætti hægt væri að laða fleiri og yngri nemendur að náminu, en umgjörð háskólanámsins er fjötur um fót við framkvæmd þeirra hugmynda.

## Samlegðaráhrif starfsmenntanáms og háskólanáms

Eitt af því sem skoðað var sérstaklega í störfum starfshópsins voru samlegðaráhrif af framkvæmd starfsmenntanámsins og háskólanámsins í sömu rekstrareiningu. Helst er talið að gagn hafi orðið af því fyrir garðyrkjunámið að hafa notið þjónustu sameiginlegrar kennsluskrifstofu sem heldur utan um nemendur, skráningar o.þ.h. Þá hefur bókhald, launaútreikningar og þ.h. einnig farið fram á sameignlegri skrifstofu. Hafa ber í huga að ýmis þau verkefni mætti leysa með öðrum hætti, jafnvel útvista. Það getur t.d. jafnvel verið hagkvæmt að kaupa bókhaldsþjónustu, launaútreikning o.þ.h. af utanaðkomandi aðilum í stað þess að fastráða starfsfólk til þeirra verkefna.

Kostnaður við að starfsmenntanám er almennt meiri en við nám þar sem einvörðungu fer fram bóknám. Kostnaður við hvern útskrifaðan nemanda ætti að vera svipaður hvar sem námið er vistað. Rekstrar- og stjórnunarform námsins ræður þar ekki öllu, heldur gæði viðkomandi rekstrar.

Vert er að benda á að miðað við umsóknir til náms við LbhÍ haustið 2020 er fjöldi nemenda í starfsmenntanámi í garðyrkju álíka og fjöldi þeirra sem sækja um BS nám.

Hvað kennslu varðar hefur ríkt nær alger einstefna í þeim efnunum. Kennarar við námsbrautir að Reykum oft og ítrekað farið að Hvanneyri og kennt ýmsa áfanga þar. Ekki rekur fulltrúa í starfshópnum minni til að kennarar hafi komið frá Hvanneyri og kennt að Reykjum utan einn einstakling í skamman tíma. Álag á starfsfólk garðyrkjunámsins að Reykjum hefur þannig vaxið, en starfsfólki þar hefur fækkað mikið frá sameiningunni 2005. Undanfarið hefur ekki verið fastráðið fólk í stöður sem losna að Reykjum og nýlega var fallið frá því að ráða garðyrkjustjóra sem þó hafði verið auglýst eftir. Menntunarkröfur í þeirri auglýsingu frá stjórnendum skólans, eða réttara samt skortur á kröfum um garðyrkjumenntun, sýndu atvinnulífina aftur og enn þau ámælisverðu viðhorf sem stjórnendur skólans hafa gagnvart garðyrkjunni. Mikilvægt er að hlúa að starfsfólki sem ekki komi til kulnunar í starfi og atgerfisflotta, óöryggi, álag og óstöðugleiki í samskiptum og stjórnun auka líkurnar á því að hæft starfsfólk hverfi frá.

Hagsmunaaðilar eru á þeirri skoðun að varast ætti að gera of mikið úr samlegðaráhrifum starfsmenntanáms og háskólanáms landslagsarkitektúrs. Vissulega eru einhverjir snertifletir með þessum námsbrautum en samkensla og samnýting starfsfólks hefur ekki reynst framkvæmanleg í raun með heppilegum hætti. Samþætting gjörólíkrar nálgunar hönnunar og framkvæmdar leiðir aðeins til gjaldfellingar á gæðum á báðum sviðum.

## **Samstarf innan starfshópsins**

Í lok árs 2019 gerðist það enn að rektor ákvað að fylgja ekki því ferli sem fyrir hafði verið lagt af ráðherra þegar starfshópurinn hóf störf. Næsta útspil var að breyta skyldi hluta verknámsaðstöðu garðyrkjunemenda að Reykjum (sem garðyrkjubændur styrktu reyndar fjárhagslega við uppbyggingu á), í sameldisaðstöðu, jafnvel þótt kennarar útskýrðu að með því væri verið að taka pláss frá áætluðum nemendaverkefnum sem fram fara skv. staðfestri námsbrautalýsingu. Hvergi er þar að finna ákvæði um að nemendur skuli sinna aðstoð við rannsóknir, vinnu við sameldi eða annað í þeim dúr. Bent var einnig á að ekki væri eðlilegt að rektor væri þannig að skipta sér að faglegu innihaldi og framkvæmd námsins. Fulltrúar atvinnulífsins kvörtuðu á ný til ráðuneytis og á milli jóla og nýárs tilkynntu stjórnendur að fallið hefði verið frá því að koma umræddu sameldiskerfi fyrir í gróðurhúsunum að Reykjum, að sinni.

Upp úr áramótum 2019 – 2020 tók nýtt skipurit gildi með kosningu deildarforseta, röðun starfólks í deildir og deildafundum. Enn og aftur gegn fyrirmælum ráðherra sem gaf fyrirmæli um að hlé skyldi gert á skipulagsbreytingum gagnvart garðyrkjunáminu.

Starfsmenn garðyrkjunámsins hafa setið deildafundi en ekki verið vissir um sína stöðu þar sem garðyrkjamið á í orði að hafa verið tekið út fyrir sviga. Á þessum fundum hefur í raun kristallast hversu óheppilegt þetta fyrirkomulag er, viðfangsefni starfsmenntanáms og háskólastarfs eru í eðli sínu gjörólík. Örfáir starfsmenn starfsmenntanáms, hver í sinni deild mega sín lítils í umræðum um dagleg störf háskóla og lítill skilningur er á eðli starfsmenntanáms meðal háskólafélks. Þó meiri hluti nemenda við skólann sé í starfsmenntanami, verður ekki betur séð af ársskýrslum skólans en að mun fleiri starfsmenn sinni þó störfum á vettvangi háskólanámsins.

Á fundi í starfshópnum sem haldinn var í lok janúar lýsti rektor því í lok fundar að það væri alfarið háskólaráðs og rektors að ráða skipulagi og fyrirkomulagi háskólans og vék því næst af fundi. Ekki varð annað séð en þarna væri verið að gefa þau skilaboð að ekki yrði tekið mark á störfum starfshópsins eða niðurstöðu hans, þrátt fyrir að fulltrúar atvinnulífsins hefðu þarna varið tíma, fé og fyrirhöfn með þátttöku sinni og störfum í hópnum.

Í kjölfar þessa fundar dró úr starfsemi í starfshópnum. Skýrðist það m.a. af erfiðum veðurskilyrðum, veikindum og síðar faraldri af völdum Covid-19 sem sett hefur mark sitt á alla vinnu í samfélaginu.

Þegar upp var staðið náði starfshópurinn að fjalla um fjögur af þeim níu atriðum sem upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Umræðum um sviðsmyndir og framtíðarsýn lauk ekki.

Nýjar reglur LbhÍ voru samþykktar á fundi háskólaráðs þann 23. mars 2020, þrátt fyrir að fulltrúi starfsmenntanáms í starfshópnum, sem situr einnig í faghluta framkvæmdastjórnar LbhÍ hafi farið fram á það á fundi framkvæmdastjórnar að reglurnar yrðu ekki lagðar fram til afgreiðslu fyrr en starfshópur um starfsmenntanamið hefði lokið störfum. Voru þær athugasemdir að engu hafðar og bar rektor því við að ekki væri hægt að fresta afgreiðslunni þar sem mennta- og menningarmálaráðuneytið þrýsti mjög á að það yrði klárað.

Starfandi námsbrautarstjóri skruðgarðyrkju og formaður Félags skruðgarðyrkjumeistara sem jafnframt á sæti í starfshópnum sat einnig deildarfundum þar sem háskólareglur voru ræddar. Lagði hann fram bókun á fund um að reglurnar yrðu ekki afgreiddar fyrr en starfshópurinn hefði lokið störfum. Á það var ekki hlustað fremur en önnur sjónarmið eða athugasemdir hagsmunaaðila.

## **Lengra verður ekki haldið**

Það er mat þeirra fulltrúa atvinnulífsins sem setið hafa í starfshópnum, að þrátt fyrir að lagt hafi verið upp með verklag sem allur hópurinn undirgekkst og samþykkti, hafi stjórnendur LbhÍ sýnt og sannað með framgöngu sinni að þeir telji sig ekki bundna að þeirri vinnu né beinum fyrirmælum ráðherra. Lagt var upp með að ljúka vinnu starfshópsins nú á vordögum en stjórnendur LbhÍ hafa ekki lagt breytingaáform sín til hliðar til að skapa svigrúm og frið fyrir þá umræðu og vinnu. Hugmyndir um vistun námsins utan LbhÍ hafa t.d. ekki fengist ræddar og á sjónarmið atvinnulífsins er hvergi hlustað.

Hagsmunaaðilar skiluðu greinargerð til ráðherra, dags. 14.apríl 2020 þar sem málavextir og vinnubrögð á vettvangi starfshópsins voru rakin. Ítrekuð voru þau sjónarmið að nauðsynlegt væri að bjarga starfsmenntanami í garðyrkju frá LbhÍ.

Ljóst má vera að virðingarleysi stjórnenda LbhÍ gagnvart ferlinu og samstarfi við hagsmunaaðila er algert. Til þeirra ríkir fullkomið vantraust af hálfu hagsmunaaðila og ljóst má vera að þeim er ekki treyst fyrir áframhaldandi afskiptum af starfsmenntanami í garðyrkju.

Enginn möguleiki er á því að samhljóða niðurstaða náist í starfshópnum. Þeir sem lokið hafa starfsmenntanami í garðyrkju og starfa á vettvangi hennar hafa eina skoðun, þ.e. að ekki verði við núverandi fyrirkomulag unað og námið sé í raun í stórkostlegri hættu að leggjast af eins og málum er fyrirkomið, með tilheyrandi afleiðingum fyrir fagið og samfélagið allt. Aðrir í starfshópnum sem ekki hafa bakgrunn í garðyrkju eða starfa á vettvangi hennar virðast hafa aðra skoðun, þ.e. að vista beri námið áfram innan LbhÍ við núverandi fyrirkomulag, þrátt fyrir andstöðu hagsmunaaðila og starfsmanna að Reykjum. Kannski var ekki við því að búast að stjórnendur við LbhÍ sem ekki hafa bakgrunn á vettvangi garðyrkju gætu fallist á að draga úr eigin áhrifum, verkefnum eða fjárveitingum til LbhÍ. Því miður virðist áhugi á velferð námsins þar engu skipta.



**Fjölbreytni í ræktun hefur vaxið mjög á undanförunum árum og flest bendir til að svo verði áfram**

## Niðurstaða

Hagsmunaaðilar í garðyrkju komu saman til fundar 15. júní sl. til að ræða stöðuna en fyrir lá fundarboð í starfshópi þann 16. júní. Á fundinum var samþykkt eftirfarandi bókun:

*„Fulltrúar atvinnulífs í starfshópi sem skipaður var í framhaldi af fundi sem haldinn var þann 1. nóvember 2019 í menntamálaráðuneytinu er falið að koma á framfæri eftirfarandi:*

*Þau drög að niðurstöðu starfshópsins sem nú liggja fyrir ganga þvert á þær óskir sem atvinnulífið hefur lagt upp með í málinu. Það eru vonbrigði að ekki skuli hafa náðst sameiginleg niðurstaða úr þessari vinnu þar sem sjónarmið atvinnulífsins og valkostir varðandi námið, meðal annars vistun þess utan LbhÍ, hafa ekki fengist rædd og sjónarmið atvinnulífsins almennt ekki fengið hljómgrunn til jafns við önnur.*

*Það hefur því verið ákveðið að fulltrúar atvinnulífsins muni skila séráliti.*

*Félag garðplöntuframleiðenda  
Samband garðyrkjubænda*

*FIT, Félag iðn- og tæknigreina  
SAMGUS, Samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitarfélaga  
Félag skrudgarðyrkjumeistara  
LSE, Landssamband skógareigenda  
Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina“*

Þessi samantekt er unnin í framhaldi af framangreindri bókun og störfum fulltrúa hagsmunaaðilar í starfshópnum.

## **5. Starfsmenntanám í garðyrkju til framtíðar**

### **Áskorun atvinnulífsins**

Sú áskorun sem atvinnulífið og hagsmunaaðilar standa frammi fyrir er hvernig standa megi vörð um starfsmenntanám í garðyrkjugreinum og gefa því tækifæri á að vaxa og dafna, nemendum, atvinnulífi og samfélagi til góðs. Brýnt er að skoða strax leiðir til úrbóta og meta heppilegasta farveg fyrir námið. Sambúð garðyrkjubrauta að Reykjum og háskólasamfélagsins við LbhÍ síðustu 15 ár er fullreynd af hálfu atvinnulífsins. Nú er tími til kominn að segja skilið við þessa tilraun og fóstura starfsmenntanám í garðyrkju á jákvæðari og heilbrigðari vettvangi.

Þegar upp er staðið snýst fyrirkomulag starfsmenntanáms ekki um skipurit, háskóladeildir, stöður eða skipulag, heldur innihald, nemendur, atvinnulífið og þann samfélagslega ábata sem vinnst með öflugu starfsmenntanáni í greininni með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á framleiðslu, þekkingu, atvinnusköpun, nýliðun, umhverfi, neysluvenjur, lýðheilsu og sjálfbærni.

### **Saga íslenskrar garðyrkju og Reykir í Ölfusi tengjast órjúfanlegum böndum**

Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi á sér langa sögu. Árið 2019 var því fagnað að 80 ár væru liðin frá því að garðyrkjunámið hófst að Reykjum.

Á vef Minjastofnunar er að finna fróðlega samantekt frá árinu 2012, Byggða- og húsakönnun eftir Guðlaugu Ernu Jónsdóttur, þar sem eftirfarandi upplýsingar er m.a. að finna Sjá nánar:

<http://www.minjastofnun.is/media/husakannanir/Reykir-greinarg-mars-2013.pdf>

Reykir í Ölfusi eru landsnámsjörð og var einnig um langt skeið kirkjujörð en sóknarbörn í Reykjasókn eiga nú Kotstrandarkirkju sem sóknarkirkju, eftir að kirkjan að Reykjum fauk af grunni sínum í ofsavæðri árið 1908.

Íslenska ríkið keypti Reyki árið 1930 í því augnamiði að reka þar ýmsa opinbera starfsemi sem nýtt gæti jarðvarma og ákjósanleg ræktunarskilyrði. Var þar fyrst um sinn rekið vinnu- og hressingarhæli fyrir berklaveikt fólk. Það var síðar lagt niður en var í raun forveri Heilsustofnunar Náttúrlækingafélags Íslands sem enn starfar í Hveragerði.

*„Eftir að frumvarp til laga um stofnun garðyrkjuskóla hafði verið samþykkt á alþingi árið 1936 var hafist handa með stofnun Garðyrkjuskólans á Reykjum. Mikilvægt þótti að til forstöðu skólans veldist vel menntaður og áhugasamur maður. Fyrir milligöngu Jónasar frá Hriflu fól stjórn skólans Unnsteini Ólafssyni forstöðu skólans. Unnsteinn var þá nýútskrifaður frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn og fyrsti háskólamenntaði garðyrkjufraeðingurinn á Íslandi. 10 Unnsteinn hafði þá hugsjón að á Reykjum skyldi verða miðstöð fræðslu og rannsókna á hinum ýmsu sviðum garðyrkju. Baráttan var oft erfið sökum skilningsskorts og fjárhagserfiðleika. Ýmislegt setti*

*strik í reikninginn í byrjun, jarðvegur reyndist óheppilegur til ræktunar, húsakostur lélegur og viðhaldsfrækur og ónógur hiti var í gróðurhúsunum til að byrja með.“* (Guðlaug Erna Jónsdóttir, 2012).

Eins og sjá má hefur gengið á ýmsu í rekstri Garðyrkjuskólans frá fyrstu tíð. Það er raunar þannig að rekstur menntastofnana á öllum skólastigum er oftast mikil áskorun og krefjandi verkefni, enda hafa flestir sem standa að rekstri menntastofnana mikinn metnað og vilja til framfara. Þess er að vænta að árangursrík uppbygging og rekstur vandaðrar garðyrkjumenntunar í landinu krefjist áfram útsjónasemi, fagmennsku, framsýni og samstöðu. Það er því einkar mikilvægt að þeir sem annast starfsmenntanamið hafi friðsamlegt, náíð og árangursríkt samstarf við atvinnugreinina.

## **Frelsa þarf starfsmenntanamið undan Landbúnaðarháskólanum**

Hagsmunaaðilar leggja á það megináherslu að starfsmenntanám í garðyrkju fái frelsi undan LbhÍ, stjórnendum þar og háskólaumgjörðinni í heild. Nauðsynlegt er að skapa náminu frelsi, annars vegar til að starfrækja öflugt starfsmenntanám í samræmi við námsbrautarlýsingar og hins vegar til að þróa ýmsar kynningar og námsleiðir, námskeið og valáfanga til viðbótar fyrir faglært og ófaglært starfsfólk í garðyrkju, almenning, sem og nemendur í grunn-, leik- og framhaldsskólum.

Almennur áhugi á garðyrkju er mikill og vaxandi. Nú er að vaxa úr grasi kynslóð sem fyrst kynntist garðyrkjuni í gegn um þætti í sjónvarpi, á borð við „Í garðinum með Gurrý“ og margs konar kynningarefni um garðyrkju hefur verið á dagskrá m.a. frá norrænum sjónvarpsstöðvum. Áherslur í umhverfismálum og sjálfbærni, m.a. meðal ungs fólks og breytingar á neysluvenjum, kalla á aukna ræktun, aukna fjölbreytni og áhuga á hvers kyns námi því tengdu. Þá hafa hagsmunaaðilar í garðyrkju verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni síðustu misseri og ár. Athygli landsmanna hefur í auknum mæli beinst að ræktun og garðyrkju, m.a. vegna stefnumörkunar stjórnvalda. Innan Bændasamtaka Íslands hefur þessi breyting m.a. komið fram í því að núverandi formaður samtakanna, kjörinn vorið 2020, kemur úr röðum starfandi garðyrkjubænda. Það er í fyrsta sinn sem félagið er leitt af formanni úr þeirri atvinnugrein.

Í töflu hér á eftir má sjá stöðu umsókna um starfsmenntanám í garðyrkju haustið 2020, eins og hún lá fyrir 19. júní sl. Til samanburðar má geta þess að umsóknir um Bs nám eru 144.

<b>Umsóknir um starfsmenntanám í haust 2020</b>	
Blómaskreytingar	17
Garðyrkjuframleiðsla garð- og skógarplöntur	10
Garðyrkjuframleiðsla lífræn ræktun	45
Garðyrkjuframleiðsla ylrækt	26
Skógur og náttúra	7
Skrúðgarðyrkja	33
<b>Alls</b>	<b>138</b>

Horfa verður til þess að starfsmenntanám í garðyrkju þjóni þeim markmiðum sem sett eru fram í námsbrautalýsingum. Náminu er fyrst og fremst ætlað til að búa nemendur undir fjölbreytt störf á vettvangi garðyrkjunnar, eða frekara nám, kjósi þeir svo. Það er lykilatriði að starfsmenntanamið skili öflugum nemendum til starfa inn í garðyrkjuna sem bæði eru

reiðubúnir til að hefja eigin rekstur eða starfa innan vébanda annarra rekstrareininga. Á því hvílir nýliðun og nauðsynleg framleiðsluaukning meðal annars.

## **Helstu valkostir**

Fullreynt er að starfsmenntanám í garðyrkju þrífist innan LbhÍ eins og gerð er grein fyrir hér framar. Horfa verður því til þeirra valkosta sem hagsmunaaðilar telja koma til greina svo fóstura megi námið með árangursríkum hætti til framtíðar.

Nú er það ekki svo að hefja þurfi uppbyggingu námsins frá grunni. Fyrir liggja staðfestar námsbrautalýsingar og áfangalýsingar. Ef nægilega fljótt verður brugðist við er einboðið að freista þess að fá að náminu þann mannauð sem hefur starfað á vettvangi námsins við LbhÍ en hefur nú hugsað sér til hreyfings. Mögulega má fá það fólk til starfa við námið ef umgjörð þess breytist. Hafa ber í huga að stór hluti námsefnisins sem notað hefur verið til þessa er samið af þeim sem kennt hafa viðkomandi námsgreinar. Fordæmi eru fyrir því að sérhæft starfsmenntanám hafi fengið stuðning til sjálfstæðis með ýmsum hætti, þannig varð Tækniskólinn sjálfstæður skóli og fékk til afnota eignir sem starfsemin hafði verið í fram til þess tíma. Dæmi eru um að ríkið veiti húsaleigustyrki til menntastofnana og geri samninga við sjálfstæðar menntastofnanir um að reka grunnnám á viðkomandi fagsviði, sbr. Fisktækniskólinn. Jafnframt samningi um rekstur grunnnáms í viðkomandi fagi, sem móðurskóli, sbr. ákvæði um kjarnaskóla í 29. gr. laga um framhaldsskóla, hafa skólar fengið frelsi til að útfæra fleiri námsleiðir sem mætt geta þörfum atvinnulífs og samfélags á hverjum tíma.

### **a) Sjálfstæður framhaldsskóli í eigu ríkisins**

Rekstrareiningin að Reykjum í Ölfusi verði sjálfstæður framhaldsskóli. Skólinn verði jafnframt móðurskóli í garðyrkjugreinum. Með samstarfi við aðra framhaldsskóla í landinu verði unnt að bjóða inngöngu á garðyrkjubrautir strax að loknu grunnskólanámi. Ýmsir möguleikar verði nýttir til að tengja námið út í samfélagið og við aðrar menntastofnanir og skólastig.

### **b) Sjálfstæður framhaldsskóli**

Stofnað verði óhagnaðardrifið félag um rekstur starfsmenntanáms í garðyrkju þar sem gerður verði samningur við ríkið um grunn nám en skólinn hafi frelsi til útfærslu á viðbótarnámi, námskeiðum, endurmenntun og starfstengdri fræðslu í garðyrkju.

### **c) Samningur um framkvæmd námsins við aðra menntastofnun**

Stofnað verði óhagnaðardrifið félag um rekstur starfsmenntanáms í garðyrkju og gerður verði samningur við aðra menntastofnun, t.d. Fisktækniskólann, um framkvæmd námsins. Samningurinn verði mögulega tímabundinn meðan unnið verði að nákvæmari útfærslu á framtíðarskipan námsins og fyrirkomulagi.

Gerður verði samningur við ríkið um grunn nám en skólinn hafi frelsi til útfærslu á viðbótarnámi, námskeiðum, endurmenntun og starfstengdri fræðslu í garðyrkju.



## Lokaorð

Í þessari samantekt sem unnin er af félagasamtökum hagsmunaaðila í garðyrkju er farið yfir aðdraganda að þeirri alvarlegu stöðu sem nú er uppi varðandi starfsmenntanám í garðyrkju. Jafnframt koma fram með skýrum hætti aðrir valkostir sem hagsmunaaðilar í garðyrkju telja að horft verði til svo bjarga megi starfsmenntanámi í garðyrkju frá frekari skaða.

Samtal um fyrirkomulag starfsmennanáms í garðyrkju þarf að eiga sér stað milli menntamálayfirvalda og starfsgreinarinnar, án aðkomu einstakra háskólastofnana eða annarra rekstrareininga.

Nú hafa félög hagsmunaaðila í garðyrkju og allir fastráðnir starfsmenn sem hafa kennslu í starfsmenntanámi garðyrkjunnar að meginstarfi á Reykjum gert grein fyrir því að ekki verði lengra haldið við núverandi fyrirkomulag.

Brýnt er að ganga til þess sem allra fyrst að koma starfsmenntanámi í garðyrkju í heilbrigðari og friðvænlegri farveg svo ekki tapist dýrmætur mannauður. Það er eindreginn vilji þeirra aðila sem standa að þessari samantekt að horft verði til framangreindra valkosta í því skyni að standa vörð um námið og velferð þess til framtíðar.

# Viðaukar

## Samþykkt verkáætlun starfshóps frá 27. nóvember 2019

Tímabil	Verkþættir/þátttakendur				Skilafundur	Vinnufundir
27.11 – 14.01.2020	1/3	2/3	2/3	Skil gagna og kynning	14.01	
14.01- 04.02.2020	3/3	4/3	5/3	Skil gagna og kynning	04.02	
04.02 -25.02.2020	6/2	7/5	8/2	Skil gagna og kynning	25.02	
25.02 – 10.03.2020	Skýrslugerð			Skil skýrslu	10.03.	
10.3 – 24.03.2020	Ráðgefandi greinargerð ásamt tillögu				24.03.	

## Námbrautalýsingar garðyrkjubrauta, skv. Stjórnartíðindum 20. júlí 2018

### NÁMSBRAUT

Titill brautar:	Námsleið:	Námslok:
<b>Blómaskreytingabraut ( 18-128-3-9 )</b>	<b>blómaskreytir</b>	<b>hæfniþrep 3</b>

#### Lýsing:

Markmið blómaskreytingabrautar er annars vegar að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði blómaskreytinga með þeim hætti að þeir uppfylli hæfnikröfur starfsins og hins vegar að búa nemendur undir frekara nám. Starfsvettvangur útskrifaðra nemenda er blómaverslanir og blómaheildsölur, sala og ráðgjöf til viðskiptavina. Blómaskreytar aðstoða við vöruuppsetningu í verslunum og geta starfað sem verslunarstjórar blómaverslana.

### GRUNNUPPLÝSINGAR MEGINATRIDI BRAUTARLÝSINGAR

#### Inntökuskilyrði:

Umsækjandi þarf að vera orðinn 18 ára. Gert er ráð fyrir að umsækjandi hafi lokið 12 vikum af 60 vikna verknámi á verknámsstað sem skólinn viðurkennir, áður en bóknám hefst. Umsækjandi þarf að hafa lokið að lágmarki eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla alls 20 einingar: • Almenn efnafræði á öðru hæfniþrepi 5 ein. • Almenn líffræði á öðru hæfniþrepi 5 ein • Bókfærsla á fyrsta hæfniþrepi 5 ein • Stærðfræði á öðru hæfniþrepi 5 ein. Æskilegt er að umsækjandi hafi jafnframt lokið eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla alls 25 einingar: • Íslenska á öðru hæfniþrepi 10 ein • Enska á öðru hæfniþrepi 10 ein • Danska á öðru hæfniþrepi 5 ein. Gert er ráð fyrir að nemendur séu vel tölvufærir og hafi góð tök á námstækni. Æskilegt er að nemandi hafi gilt skyndihjálparskírteini. Nánari upplýsingar um inntökuskilyrði eru á heimasíðu skóla.

#### Skipulag:

Nám á blómaskreytingabraut skiptist í bóklegt nám, 4 annir við (alls 120 fein) og starfsnám í 60 vikur (alls 100 fein) á verknámsstað viðurkenndum af skólanum, undir handleiðslu verknámskennara. Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar í skólanum, samhliða bóknáminu.

**Námsmat**

Námsmat á brautinni er ýmist með mati á frammistöðu á kynningum eða í verklegum æfingum, mati á þátttöku í umræðum, frammistöðu í bóklegum/verklegum verkefnum og með skriflegum prófum í áföngum.

**Starfsnám:**

Starfsnám í blómaskreytingum er verklegt vinnustaðanám í 60 vikur á verknámsstað viðurkenndum af skólanum, undir handleiðslu verknámskennara. Þessar 60 vikur eru dagbókarskyldar og er dagbókin metin til einkunnar. Verknámið er 100 fein. Nánari upplýsingar um starfsnám eru í skólareglum.

**Reglur um námsframvindu:**

Nám á blómaskreytingabraut er rekið sem bekkjakerfi þannig að nemendur þurfa að jafnaði að ljúka öllum áföngum fyrri annar til að geta haldið áfram á aðra önn. Lágmarkseinkunn til að standast áfanga er að jafnaði 4,5 en heimilt er að setja strangari kröfur í séráföngum brauta. Nánari upplýsingar um námsframvindu er að finna í skólareglum.

**Hæfniviðmið:**

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- hagnýta sér greinargóða þekkingu sína í almennum blómaskreytingum.
- miðla sértækri þekkingu á plöntuvali og stílbrigðum blómaskreytinga.
- afla sér frekari menntunar á sínu fagsviði.
- þekkja til og beita viðurkenndum aðferðum við úrlausn verkefna á sínu fagsviði.
- vera meðvitaður um gildi sjálfbærni í víðum skilningi.
- nýta sköpunarkraft sinn í starfi og sýna frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í margvíslegum verkefnum.
- sýna lipurð í mannlegum samskiptum og félagslega færni til að koma til móts við viðskiptavinum sína af virðingu og alúð.
- skilja siðferðilega ábyrgð sína gagnvart faginu, viðskiptavinum og samstarfsaðilum.
- takast á við sjálfstæðan rekstur, verslunarstjórn og ráðgjöf á sviði blómaskreytinga.

**EININGAFJÖLDI** FJÖLDI FRAMHALDSSKÓLAEININGA SEM ÞARF TIL AÐ ÚTSKRIFAST AF BRAUTinni

**240 fein.**

## NÁMSBRAUT

Titill brautar:	Námsleið:	Námslok:
Garð- og skógarplöntubraut ( 18-130-3-9 )	garðplöntufræðingur	hæfniprep 3

### Lýsing:

Markmið garð- og skógarplöntubrautar er annars vegar að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði garðyrkjuframleiðslu með þeim hætti að þeir uppfylli hæfnikröfur starfsins og hins vegar að búa nemendur undir frekara nám. Starfsvettvangur garðplöntufræðings/garðyrkjufræðings á sviði garðplöntuframleiðslu er garð- og skógarplöntuframleiðsla, ýmist eigin rekstur, í garð- og skógarplöntustöð eða á vegum sveitarfélags, þá gjarnan sem verkstjóri eða garðyrkjustjóri. Garðplöntufræðingur/garðyrkjufræðingur á sviði garðplöntuframleiðslu sér um sölu á plöntum og veitir viðskiptavinum ráðgjöf um ræktun plantna í görðum og á opnum svæðum á Íslandi. Hann gætir að umhverfi og öryggi.

## GRUNNUPPLÝSINGAR

MEGINATRÍÐI BRAUTARLÝSINGAR

### Inntökuskilyrði:

Umsækjandi þarf að vera orðinn 18 ára. Gert er ráð fyrir að umsækjandi hafi lokið 12 vikum af 60 vikna verknámi á verknámsstað sem skólinn viðurkennir, áður en bóknám hefst. Umsækjandi þarf að hafa lokið að lágmarki eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla alls 20 einingar: • Almenn efnafræði á öðru hæfniprepi 5 ein. • Almenn líffræði á öðru hæfniprepi 5 ein • Bókfærsla á fyrsta hæfniprepi 5 ein • Stærðfræði á öðru hæfniprepi 5 ein. Æskilegt er að umsækjandi hafi jafnframt lokið eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla alls 25 einingar: • Íslenska á öðru hæfniprepi 10 ein • Enska á öðru hæfniprepi 10 ein • Danska á öðru hæfniprepi 5 ein. Gert er ráð fyrir að nemendur séu vel tölvufærir og hafi góð tök á námstækni. Æskilegt er að nemandi hafi gilt skyndihjálparskírteini. Nánari upplýsingar um inntökuskilyrði eru á heimasíðu skóla.

### Skipulag:

Nám á garð- og skógarplöntubraut skiptist í bóklegt nám, 4 annir (alls 120 fein) og starfsnám í 60 vikur (alls 100 fein) á verknámsstað viðurkenndum af skólanum, undir handleiðslu verknámskennara. Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar í skólanum, samhliða bóknáminu.

<b>Námsmat</b>	Námsmat á brautinni er ýmist með mati á frammistöðu á kynningum eða í verklegum æfingum, mati á þátttöku í umræðum, frammistöðu í bóklegum/verklegum verkefnum og með skriflegum prófum í áföngum.
<b>Starfsnám:</b>	Starfsnámið er verklegt vinnustaðanám í 60 vikur á verknámsstað viðurkenndum af skólanum, undir handleiðslu verknámskennara. Þessar 60 vikur eru dagbókarskyldar og er dagbókin metin til einkunnar. Verknámið er 100 fein. Nánari upplýsingar um starfsnám er að finna í skólareglum.
<b>Reglur um námsframvindu:</b>	Nám í garð- og skógarplöntuframleiðslu er rekið sem bekkjakerfi þannig að nemendur þurfa að jafnaði að ljúka öllum áföngum fyrri annar til að geta haldið áfram á aðra önn. Lágmarkseinkunn til að standast áfanga er að jafnaði 4,5 en heimilt er að setja strangari kröfur í séráföngum brauta. Nánari upplýsingar um námsframvindu er að finna í skólareglum.
<b>Hæfniviðmið:</b>	Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ... <ul style="list-style-type: none"> <li>• hagnýta sér greinargóða þekkingu sína á lífsstarfsemi plantna og kröfum þeirra til umhverfisþátta.</li> <li>• hagnýta sértæka þekkingu á næringarþúskað plantna, áhrifum jarðvegs og áburðargjöf.</li> <li>• miðla sértækri þekkingu á plöntuvali, fjölgun og ræktunartækni í garð- og skógarplöntuframleiðslu.</li> <li>• afla sér frekari menntunar á sínu fagsviði.</li> <li>• þekkja til og beita viðurkenndum aðferðum við úrlausn verkefna á sínu fagsviði.</li> <li>• vera meðvitaður um gildi sjálfbærni í víðum skilningi.</li> <li>• nýta sköpunarkraft sinn í starfi og sýnt frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í margvíslegum verkefnum.</li> <li>• sýna lipurð í mannlegum samskiptum og félagslega færni til að koma til móts við viðskiptavinum sína af virðingu og alúð.</li> <li>• skilja siðferðilega ábyrgð sína gagnvart faginu, viðskiptavinum og samstarfsaðilum.</li> <li>• takast á við sjálfstæðan rekstur, verkstjórn og ráðgjöf á sviði garð- og skógarplöntuframleiðslu.</li> </ul>

## NÁMSBRAUT

Titill brautar:	Námsleið:	Námslok:
Námsbraut skógar og náttúru ( 18-129-3-9 )	skógtæknir	hæfniþrep 3

### Lýsing:

Markmið námsbrautar skógar og náttúru er annars vegar að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði skógræktar og með þeim hætti að þeir uppfylli hæfnikröfur starfsins og hins vegar að búa nemendur undir frekara nám. Skógtæknir/garðyrkjufraeðingur á sviði skógar og náttúru starfar við umhirðu skóglendis og grænna svæða í grennd við byggð, gjarnan við umsjón útivistarsvæða. Hann sér um eftirlit, verkstjórn og fræðslu á sviði skógræktar, uppgæðslu og annarra landbóta. Skógtæknir/garðyrkjufraeðingur á sviði skógar og náttúru gætir að öryggi, fer eftir lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hans og er fær um víðtæka ráðgjöf.

## GRUNNUPPLÝSINGAR

MEGINATRIDI BRAUTARLÝSINGAR

### Inntökuskilyrði:

Umsækjandi þarf að vera orðinn 18 ára. Gert er ráð fyrir að umsækjandi hafi lokið 12 vikum af 60 vikna verknámi á verknámsstað sem skólinn viðurkennir, áður en bóknám hefst. Umsækjandi þarf að hafa lokið að lágmarki eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla alls 20 einingar: • Almenn efnafræði á öðru hæfniþrepi 5 ein. • Almenn líffræði á öðru hæfniþrepi 5 ein • Bókfærsla á fyrsta hæfniþrepi 5 ein • Stærðfræði á öðru hæfniþrepi 5 ein. Æskilegt er að umsækjandi hafi jafnframt lokið eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla alls 25 einingar: • Íslenska á öðru hæfniþrepi 10 ein • Enska á öðru hæfniþrepi 10 ein • Danska á öðru hæfniþrepi 5 ein. Gert er ráð fyrir að nemendur séu vel tölvufærir og hafi góð tök á námstækni. Æskilegt er að nemandi hafi gilt skyndihjálparskírteini. Nánari upplýsingar um inntökuskilyrði eru á heimasíðu skóla.

### Skipulag:

Nám á braut skógar og náttúru skiptist í bóklegt nám, 4 annir (alls 120 fein) og starfsnám í 60 vikur (alls 100 fein) á verknámsstað viðurkenndum af skólanum, undir handleiðslu verknámskennara. Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar í skólanum, samhliða bóknáminu.

<b>Námsmat</b>	Námsmat á brautinni er ýmist með mati á frammistöðu á kynningum eða í verklegum æfingum, mati á þátttöku í umræðum, frammistöðu í bóklegum/verklegum verkefnum og með skriflegum prófum í áföngum.
<b>Starfsnám:</b>	Starfsnámið er verklegt vinnustaðanám í 60 vikur á verknámsstað viðurkenndum af skólanum, undir handleiðslu verknámskennara. Þessar 60 vikur eru dagbókarskyldar og er dagbókin metin til einkunnar. Verknámið er 100 fein. Nánari upplýsingar um starfsnám er að finna í skólareglum.
<b>Reglur um námsframvindu:</b>	Nám á braut skógar og náttúru er rekið sem bekkjakerfi þannig að nemendur þurfa að jafnaði að ljúka öllum áföngum fyrri annar til að geta haldið áfram á aðra önn. Lágmarkseinkunn til að standast áfanga er að jafnaði 4,5 en heimilt er að setja strangari kröfur í séráföngum brauta. Nánari upplýsingar um námsframvindu er að finna í skólareglum.
<b>Hæfniviðmið:</b>	Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ... <ul style="list-style-type: none"> <li>• hagnýta greinargóða þekkingu sína á lífsstarfsemi plantna og kröfum þeirra til umhverfis.</li> <li>• hagnýta og miðla sértækri þekkingu sinni á plöntuvali, umhirðu, skipulagi, verkferlum og nytjum í skógrækt og uppgræðslu á Íslandi.</li> <li>• nýta sér haldgóða þekkingu á sérstöðu íslenskrar náttúru til skynsamlegrar nýtingar náttúrugæða.</li> <li>• afla sér frekari menntunar á sínu fagsviði.</li> <li>• þekkja til og beita viðurkenndum aðferðum við úrlausn verkefna á sínu fagsviði.</li> <li>• vera meðvitaður um gildi sjálfbærni í víðum skilningi.</li> <li>• nýta sköpunarkraft sinn í starfi og sýnt frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í margvíslegum verkefnum.</li> <li>• sýna lipurð í mannlegum samskiptum og félagslega færni til að koma til móts við viðskiptavinum sína af virðingu og alúð.</li> <li>• takast á við sjálfstæðan rekstur, verkstjórn og ráðgjöf á sviði skógræktar, uppgræðslu og annarra landbóta.</li> </ul>

**EININGAFJÖLDI** FJÖLDI FRAMHALDSSKÓLAEININGA SEM ÞARF TIL AÐ ÚTSKRIFAST AF BRAUTINNI

240 fein.



## NÁMSBRAUT

Titill brautar:	Námsleið:	Námslok:
Námsbraut um lífræna ræktun matjurta ( 18-132-3-9 )	garðyrkjufraeðingur	hæfniþrep 3

### Lýsing:

Markmið námsbrautar um lífræna ræktun matjurta er annars vegar að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði lífrænnar garðyrkjufraeðslu með þeim hætti að þeir uppfylli hæfnikröfur starfsins og hins vegar að búa nemendur undir frekara nám. Garðyrkjufraeðingur á sviði lífrænnar ræktunar matjurta starfar við ylræktar- og útimatjurtafraeðslu í garðyrkjustöð, annaðhvort við eigin rekstur eða hjá öðrum og þá gjarnan sem verkstjóri eða ræktunarstjóri. Garðyrkjufraeðingur á sviði lífrænnar ræktunar matjurta sér um sölu á plöntum og plöntuafurðum og veitir viðskiptavinum ráðgjöf um afurðir lífrænnar ræktunar í gróðurhúsum eða í útimatjurtaræktun. Hann gætir að umhverfi og öryggi.

## GRUNNUPPLÝSINGAR MEGINATRIDI BRAUTARLÝSINGAR

### Inntökuskilyrði:

Umsækjandi þarf að vera orðinn 18 ára. Gert er ráð fyrir að umsækjandi hafi lokið 12 vikum af 60 vikna verknámi á verknámsstað sem skólinn viðurkennir, áður en bóknám hefst. Umsækjandi þarf að hafa lokið að lágmarki eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla alls 20 einingar: • Almenn efnafræði á öðru hæfniþrepi 5 ein. • Almenn líffræði á öðru hæfniþrepi 5 ein • Bókfærsla á fyrsta hæfniþrepi 5 ein • Stærðfræði á öðru hæfniþrepi 5 ein. Æskilegt er að umsækjandi hafi jafnframt lokið eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla alls 25 einingar: • Íslenska á öðru hæfniþrepi 10 ein • Enska á öðru hæfniþrepi 10 ein • Danska á öðru hæfniþrepi 5 ein. Gert er ráð fyrir að nemendur séu vel tölvufærir og hafi góð tök á námstækni. Æskilegt er að nemandi hafi gilt skyndihjálparskírteini. Nánari upplýsingar um inntökuskilyrði eru á heimasíðu skóla.

### Skipulag:

Nám á námsbraut um lífræna ræktun matjurta skiptist í bóklegt nám, 4 annir (alls 120 fein) og starfsnám í 60 vikur (alls 100 fein) á verknámsstað viðurkenndum af skólanum, undir handleiðslu verknámskennara. Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar í skólanum, samhliða bóknáminu.

### Námsmat

Námsmat á brautinni er ýmist með mati á frammistöðu á kynningum eða í verklegum æfingum, mati á þátttöku í umræðum, frammistöðu í bóklegum/verklegum verkefnum og með skriflegum prófum í áföngum.

- Starfsnám:** Starfsnámið er verklegt vinnustaðanám í 60 vikur á verknámsstað viðurkenndum af skólanum, undir handleiðslu verknámskennara. Þessar 60 vikur eru dagbókarskyldar og er dagbókin metin til einkunnar. Verknámið er 100 fein. Nánari upplýsingar um starfsnám eru í skólareglum.
- Reglur um námsframvindu:** Nám á námsbraut um lífræna ræktun matjurta er rekið sem bekkjakerfi þannig að nemendur þurfa að jafnaði að ljúka öllum áföngum fyrri annar til að geta haldið áfram á aðra önn. Lágmarkseinkunn til að standast áfanga er að jafnaði 4,5 en heimilt er að setja strangari kröfur í séráföngum brauta. Nánari upplýsingar um námsframvindu er að finna í skólareglum.
- Hæfniviðmið:** Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...
- hagnýta greinargóða þekkingu sína á lífsstarfsemi plantna og kröfum þeirra til umhverfisþátta.
  - hagnýta og miðla sértækri þekkingu sinni á plöntuvali, fjölgun og ræktunartækni í lífrænni matjurtaræktun í gróðurhúsum og utanhúss.
  - nýta sértæka þekkingu á stýringu umhverfisþátta í gróðurhúsum, með hliðsjón af mismunandi ræktunarferlum.
  - miðla sértækri þekkingu á mikilvægi jarðvegsræktunar fyrir lífræna ræktun.
  - afla sér frekari menntunar á sínu fagsviði.
  - þekkja til og beita viðurkenndum aðferðum við úrlausn verkefna á sínu fagsviði.
  - vera meðvitaður um gildi sjálfbærni í víðum skilningi.
  - nýta sköpunarkraft sinn í starfi og sýnt frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í margvíslegum verkefnum.
  - vera meðvitaður um og fylgja þeim kröfum sem gerðar eru til matvælaframleiðslu með tilliti til hreinlætis og framleiðsluaðferða.
  - skilja siðferðilega ábyrgð sína gagnvart faginu, viðskiptavinum og samstarfsaðilum.
  - sýna lipurð í mannlegum samskiptum og félagslega færni til að koma til móts við viðskiptavini sína af virðingu og alúð.
  - takast á við sjálfstæðan rekstur, verkstjórn og ráðgjöf á sviði lífrænnar ræktunar útmatjurta og í gróðurhúsum.

## NÁMSBRAUT

Titill brautar:	Námsleið:	Námslok:
Skrúðgarðyrkjubraut ( 18-127-3-8 )	skrúðgarðyrkjufraeðingur	hæfniþrep 3

### Lýsing:

Skrúðgarðyrkja er löggilt iðngrein og lýkur námi með sveinsprófi. Markmið skrúðgarðyrkjubrautar er annars vegar að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði skrúðgarðyrkju með þeim hætti að þeir uppfylli hæfnikröfur starfsins og hins vegar að búa nemendur undir frekara nám. Skrúðgarðyrkjufraeðingur starfar við nýframkvæmdir og viðhald í görðum og á opnum svæðum. Einnig veitir hann ráðgjöf um garðplöntur og garðrækt. Skrúðgarðyrkjufraeðingur er ýmist með eigin rekstur eða starfar hjá skrúðgarðyrkjumeistara, sveitarfélagi, fyrirtæki eða stofnun, þá gjarnan sem verkstjóri eða garðyrkjustjóri.

## GRUNNUPPLÝSINGAR

MEGINATRIDI BRAUTARLÝSINGAR

### Inntökuskilyrði:

Umsækjandi þarf að vera orðinn 18 ára. Gert er ráð fyrir að umsækjandi hafi lokið 12 vikum af 60 vikna verknámi á verknámsstað sem skólinn viðurkennir, áður en bóknám hefst. Umsækjandi þarf að hafa lokið að lágmarki eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla alls 20 einingar: • Almenn efnafræði á öðru hæfniþrepi 5 ein. • Almenn líffræði á öðru hæfniþrepi 5 ein • Bókfærsla á fyrsta hæfniþrepi 5 ein • Stærðfræði á öðru hæfniþrepi 5 ein. Æskilegt er að umsækjandi hafi jafnframt lokið eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla alls 25 einingar: • Íslenska á öðru hæfniþrepi 10 ein • Enska á öðru hæfniþrepi 10 ein • Danska á öðru hæfniþrepi 5 ein. Gert er ráð fyrir að nemendur séu vel tölvufærir og hafi góð tök á námstækni. Æskilegt er að nemandi hafi gilt skyndihjálparskírteini. Nánari upplýsingar um inntökuskilyrði eru á heimasíðu skóla.

### Skipulag:

Nám á skrúðgarðyrkjubraut skiptist í bóklegt nám, 4 annir (alls 120 fein) og starfsnám í 60 vikur (alls 100 fein) á verknámsstað viðurkenndum af skólanum, undir handleiðslu skrúðgarðyrkjumeistara. Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar í skólanum, samhliða bóknáminu.

<b>Námsmat</b>	Námsmat á brautinni er ýmist með mati á frammistöðu á kynningum eða í verklegum æfingum, mati á þátttöku í umræðum, frammistöðu í bóklegum/verklegum verkefnum og með skriflegum prófum í áföngum. Námi í skruðgarðyrkju lýkur með sveinsprófi að loknum verknámstíma.
<b>Starfsnám:</b>	Starfsnámið er verklegt vinnustaðanám í 60 vikur á verknámsstað viðurkenndum af skólanum, undir handleiðslu verknámskennara. Þessar 60 vikur eru dagbókarskyldar og er dagbókin metin til einkunnar. Verknámið er 100 fein. Nánari upplýsingar um starfsnám eru í skólareglum.
<b>Reglur um námsframvindu:</b>	Nám á skruðgarðyrkjubraut er rekið sem bekkjakerfi þannig að nemendur þurfa að jafnaði að ljúka öllum áföngum fyrri annar til að geta haldið áfram á aðra önn. Lágmarkseinkunn til að standast áfanga er að jafnaði 4,5 en heimilt er að setja strangari kröfur í séráföngum brauta. Nánari upplýsingar um námsframvindu er að finna í skólareglum.
<b>Hæfniviðmið:</b>	<p>Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hagnýta greinargóða þekkingu sína á lífsstarfsemi plantna og kröfum þeirra til umhverfisþátta.</li> <li>• hagnýta sér og miðla sértækri þekkingu sinni á plöntuvali, uppbyggingu, viðhaldi og umhírðu garða og grænna svæða á Íslandi.</li> <li>• hagnýta sér og miðla sértækri þekkingu sinni á efnisvali við gerð grárra/harðra svæða við íslenskar aðstæður.</li> <li>• afla sér frekari menntunar á sínu fagsviði.</li> <li>• þekkja til og beita viðurkenndum aðferðum við úrlausn verkefna á sínu fagsviði.</li> <li>• vera meðvitaður um gildi sjálfbærni í víðum skilningi.</li> <li>• nýta sköpunarkraft sinn í starfi og sýnt frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í margvíslegum verkefnum.</li> <li>• sýna lipurð í mannlegum samskiptum og félagslega færni til að koma til móts við viðskiptavinum sína af virðingu og alúð.</li> <li>• takast á við sjálfstæðan rekstur, verkstjórn og ráðgjöf á sviði skruðgarðyrkju.</li> <li>• standast sveinspróf í skruðgarðyrkju.</li> </ul>

## NÁMSBRAUT

Titill brautar:	Námsleið:	Námslok:
<b>Ylræktarbraut ( 18-131-3-9 )</b>	<b>ylræktarfræðingur</b>	<b>hæfniprep 3</b>

### Lýsing:

Markmið ylræktarbrautar er annars vegar að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði garðyrkjuframleiðslu með þeim hætti að þeir uppfylli hæfnikröfur starfsins og hins vegar að búa nemendur undir frekara nám. Ylræktarfræðingur/garðyrkjufræðingur á sviði ylræktar starfar við ylræktar- og útimatjurtaframleiðslu í garðyrkjustöð, annaðhvort við eigin rekstur eða hjá öðrum og þá gjarnan sem verkstjóri eða ræktunarstjóri. Ylræktarfræðingur/garðyrkjufræðingur á sviði ylræktar sér um sölu á plöntum og plöntuafurðum og veitir viðskiptavinum ráðgjöf um afurðir ylræktunar og annarrar matjurtaframleiðslu. Hann gætir að umhverfi og öryggi.

## GRUNNUPPLÝSINGAR

MEGINATRÍÐI BRAUTARLÝSINGAR

### Inntökuskilyrði:

Umsækjandi þarf að vera orðinn 18 ára. Gert er ráð fyrir að umsækjandi hafi lokið 12 vikum af 60 vikna verknámi á verknámsstað sem skólinn viðurkennir, áður en bóknám hefst. Umsækjandi þarf að hafa lokið að lágmarki eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla alls 20 einingar: • Almenn efnafræði á öðru hæfniprepi 5 ein. • Almenn líffræði á öðru hæfniprepi 5 ein • Bókfærsla á fyrsta hæfniprepi 5 ein • Stærðfræði á öðru hæfniprepi 5 ein. Æskilegt er að umsækjandi hafi jafnframt lokið eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla alls 25 einingar: • Íslenska á öðru hæfniprepi 10 ein • Enska á öðru hæfniprepi 10 ein • Danska á öðru hæfniprepi 5 ein. Gert er ráð fyrir að nemendur séu vel tölvufærir og hafi góð tök á námstækni. Æskilegt er að nemandi hafi gilt skyndihjálparskírteini. Nánari upplýsingar um inntökuskilyrði eru á heimasíðu skóla.

### Skipulag:

Nám á ylræktarbraut skiptist í bóklegt nám, 4 annir (alls 120 fein) og starfsnám í 60 vikur (alls 100 fein) á verknámsstað viðurkenndum af skólanum, undir handleiðslu verknámskennara. Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar í skólanum, samhliða bóknáminu.

### Námsmat

Námsmat á brautinni er ýmist með mati á frammistöðu á kynningum eða í verklegum æfingum, mati á þátttöku í umræðum, frammistöðu í bóklegum/verklegum verkefnum og með skriflegum prófum í áföngum.

- Starfsnám:** Starfsnámið er verklegt vinnustaðanám í 60 vikur á verknámsstað viðurkenndum af skólanum, undir handleiðslu verknámskennara. Þessar 60 vikur eru dagbókarskyldar og er dagbókin metin til einkunnar. Verknámið er 100 fein. Nánari upplýsingar um starfsnám er að finna í skólareglum.
- Reglur um námsframvindu:** Nám á ylræktarbraut er rekið sem bekkjakerfi þannig að nemendur þurfa að jafnaði að ljúka öllum áföngum fyrri annar til að geta haldið áfram á aðra önn. Lágmarkseinkunn til að standast áfanga er að jafnaði 5,0 en heimilt er að setja strangari kröfur í séráföngum brauta. Nánari upplýsingar um námsframvindu er að finna í skólareglum.
- Hæfniviðmið:** Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...
- hagnýta greinargóða þekkingu sína á lífsstarfsemi plantna og kröfum þeirra til umhverfisþátta.
  - hagnýta og miðla sértækri þekkingu á plöntuvali, fjölgun og ræktunartækni í ylrækt og útímatjurtaræktun.
  - nýta sértæka þekkingu á stýringu umhverfisþátta í gróðurhúsum, með hliðsjón af mismunandi ræktunarferlum.
  - afla sér frekari menntunar á sínu fagsviði.
  - þekkja til og beita viðurkenndum aðferðum við úrlausn verkefna á sínu fagsviði.
  - vera meðvitaður um gildi sjálfbærni í víðum skilningi.
  - nýta sköpunarkraft sinn í starfi og sýnt frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í margvíslegum verkefnum.
  - vera meðvitaður um og fylgja þeim kröfum sem gerðar eru til matvælaframleiðslu með tilliti til hreinlætis og framleiðsluáferða.
  - sýna lipurð í mannlegum samskiptum og félagslega færni til að koma til móts við viðskiptavinum sína af virðingu og alúð.
  - skilja siðferðilega ábyrgð sína gagnvart faginu, viðskiptavinum og samstarfsaðilum.
  - takast á við sjálfstæðan rekstur, verkstjórn og ráðgjöf á sviði ylræktar og útímatjurtaræktunar.

# Endurskoðaður búvörusamningur garðyrkju, 14. maí 2020

Undirritaðir aðilar, sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra og fjármála og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins og Bændasamtök Íslands/Samband garðyrkjubænda, hafa með vísan til 30. gr. búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum og 8 gr. samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða dags. 19. febrúar 2016 orðið sammála um svohljóðandi:

## SAMKOMULAG

um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016

### 1. gr.

#### Markmið samkomulags

Markmið samkomulagsins er meðal annars að stuðla að framþróun og nýsköpun í framleiðslu garðyrkjuafurða með áherslu á aðgerðir í loftslagsmálum og fjölþætta stefnumótun. Jafnframt er markmið samkomulagsins að við endurskoðun samningsins 2023 hafi framleiðsla á íslensku grænmeti aukist um 25%, miðað við meðalframleiðslu árána 2017 til 2019, til að auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu<sup>1</sup>. Markmið gildandi samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða standa auk þess óbreytt. Samkomulag þetta er liður í endurskoðun samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016, skv. 8. gr. samningsins.

### 2. gr.

#### Loftslagsmál

Markmið samningsaðila er að íslensk garðyrkja verði að fullu kolefnisjöfnuð eigi síðar en árið 2040. Þetta verði m.a. gert með því að byggja upp þekkingu á losun og bindingu kolefnis, vinna að bættri meðhöndlun og nýtingu aðfanga og áburðar, minni sóun, markvissri jarðrækt, aukinni sjálfbærni og öðrum þeim aðgerðum er miða að því að kolefnisjafna búskap. Skal stefnt að því að allar afurðir frá íslenskum garðyrkjubændum verði vottaðar sem kolefnishlutlausar fyrir árið 2040.

Framangreindar áherslur falla vel að öðrum verkefnum á sviði kolefnisbindingar svo sem skógrækt, sem og áherslum stjórnvalda. Samningsaðilar munu horfa til heildrænnar nálgunar þar sem stefnumörkun í loftslagsmálum, orkumálum, atvinnumálum, byggðamálum og fleiri veigamiklum þáttum, ásamt matvælastefnu, fer saman við aðgerðir sem aðilar takast á hendur í því skyni að ná fram samlegðaráhrifum og settum markmiðum.

Meðal helstu forsenda fyrir því að framangreindum markmiðum verði náð er að auka enn frekar þekkingu bænda á landi sínu og ræktun og efla um leið getu þeirra og úrræði til að auka bindingu kolefnis og draga úr losun. Því þarf að auka beina ráðgjöf og fræðslu fyrir bændur um framangreind atriði. Jafnframt verði skoðað að innleiða fjárhagslega hvata fyrir íslenska garðyrkju til að ná enn frekari árangri í að auka bindingu. Nauðsynlegt er að þekkja vel möguleika hvers garðyrkjubýlis og byggja upp gagnsætt og vottað umhverfi um verkefnið.

Til að stuðla að kolefnishlutleysi íslenskrar garðyrkju stefna samningsaðilar að því að ráðstafa hluta af fjármagni sem rennur til samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða til aðgerða í loftslagsmálum og koma þar helst til álita fjármunir sem varið er til að styrkja jarðrækt og kynbótastarf auk þróunarfjár. Þar að auki verður bætt við nýju fjármagni til að stuðla að kolefnishlutleysi íslenskrar garðyrkju fyrir árið 2040 að fjárhæð 15 m.kr. árlega frá og með árinu 2020 sbr. tafla 2 í viðauka I með samkomulagi þessu.

Af hálfu stjórnvalda er fyrirhugað að verja verulegum fjármunum til aðgerða á sviði loftslagsmála á næstu árum. Samningsaðilar munu gera sérstaka samninga um slík verkefni, eftir því sem aðstæður leyfa á gildistíma samnings.

<sup>1</sup> Byggt er á gögnum Hagstofu Íslands um uppskeru og afurðir.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga ráðstafar fjármunum vegna ársins 2020 að fengnum tillögum Sambands garðyrkjubænda. Heimilt er að kveða nánar á um ráðstöfunina í reglugerð.

### 3. gr.

#### Beingreiðslur vegna flutnings- og dreifingarkostnaðar raforku

Aðilar eru sammála um að fyrirkomulagi á niðurgreiðslum á raforku verði breytt með þeim hætti að ylrektendum verði tryggðar beingreiðslur vegna lýsingar í stað niðurgreiðslu kostnaðar. Hámarksstuðningur beingreiðslna vegna lýsingar á hvern framleiðenda verður mest 17,5% af þeirri heildarfjárhæð sem til ráðstöfunar er á viðkomandi rekstrarári. Gerðar verða breytingar á 5. og 6. gr. samningsins í samræmi við framangreint sem taka gildi 1. janúar 2021.

Ylrektendum verða tryggðar beingreiðslur vegna lýsingar í því skyni að stuðla að hagfeldari starfsskilyrðum greinarinnar. Framlög samkvæmt fjárlögum hvers árs greiðast til framleiðenda miðað við notkun á raforku til gróðurhúsalyýsingar. Beingreiðslur vegna lýsingar skulu standa straum af magnliðum og fastagjaldi í gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu raforku um allt að 95%, en framleiðendur garðyrkjuafurða skulu greiða að lágmarki 5%.

Árleg framlög til beingreiðslna vegna lýsingar frá árinu 2021 og út samningstímann koma fram í töflu 1 í viðauka I.

Framleiðendur garðyrkjuafurða sem uppfylla skilyrði fyrir stuðningsgreiðslum skulu eiga þess kost að sækja um beingreiðslur til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á þær til gerðu rafræna cyðublaði. Þeir framleiðendur sem fengu ekki beingreiðslur, eða niðurgreiðslu á raforku, á árinu á undan en vilja óðlast rétt til þeirra skulu senda rafræna umsókn til ráðuneytisins fyrir 15. febrúar ár hvert.

Þeir aðilar sem semja við orkusöluvyrirtæki um kaup á orku til garðyrkjulýsingar eiga rétt á beingreiðslum vegna kostnaðar við flutning og dreifingu raforku. Heimilt er að fella niður réttinn ef aðilar brjóta gegn samningi þessum. Skilyrði fyrir beingreiðslum eru:

- Að orkukaupin séu vegna atvinnustarfsemi
- Að niðurgreidd raforka sé sérsmæld og fari einungis til lýsingar plantna í gróðurhúsi til að örva vöxt þeirra.
- Að framleiðslan sé ætluð til sölu.
- Að ársnotkun til lýsingar sé meiri en 100 MWh á ári.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið annast greiðslur til viðtakenda á grundvelli umsókna, og að uppfylltum skilyrðum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gerir áætlun að fengnum upplýsingum frá framleiðendum um áætlaða ársnotkun raforku til lýsingar fyrir árið og upplýsingum frá dreifivæitum um raunnotkun framleiðanda þrjú ár aftur í tímann, liggja þær upplýsingar fyrir. Framleiðendur skulu jafnframt veita upplýsingar um áætlað framleiðslumagn hverrar rektunartegundar eftir framleiðslustað, upplýsingar um á hve mörgum fermetrum hver rektunartegund verður rektuð og hve stór hluti þess svæðis notast við gróðurhúsalyýsingu, og tegund lýsingar. Áætla skal beingreiðslur pr. KWh miðað við áætlaða ársnotkun raforku. Ráðuneytinu er heimilt að halda eftir 20% af framlögum vegna beingreiðslna við gerð ársáætlunar sem verða greidd þegar heildarorkunotkun ársins liggur fyrir.

Áætlun um ársgreiðslur og endurgreiðsluhlutfall skal kynnt framleiðanda og skulu athugasemdir við áætlunina berast ráðuneytinu innan 20 daga frá dagsetningu þeirra. Eins skal ráðuneytið kynna aðilum samnings þessa áætlaða heildarnotkun og hlutfall niðurgreiðslu.

Komi í ljós að upplýsingar frá framleiðendum og áætlun ráðuneytisins geri ráð fyrir að niðurgreiðsluhlutfall á kostnaði við flutning og dreifingu raforku fari niður fyrir 80% dreifast greiðslur hlutfallslega á milli framleiðanda miðað við notkun á raforku til gróðurhúsalyýsingar. Ákvæði þetta verður sérstaklega skoðað við endurskoðun samningsins 2023.



Fjármunir til beingreiðslna til vegna flutnings- og dreifingarkostnaðar raforku verða 375 m. kr. á árinu 2020. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ráðstafar þeim á árinu samkvæmt þeim reglum sem voru í gildi 1. janúar 2020. Breytingar á ráðstöfun samkvæmt samkomulagi þessu taka gildi 1. janúar 2021.

**4. gr.**  
**Beingreiðslur B**

Við samninginn bætist nýr flokkur beingreiðslna vegna ylreктar fyrir aðra ylreктun sem ætluð er til manneldis en kemur fram í nógildandi 4. gr. samnings, auk svepparæktar. Verða beingreiðslur á gúrkum, tómötum og paprikum þannig skilgreindar sem beingreiðslur A og nýr flokkur beingreiðslna sem beingreiðslur B. Heildarfjárhæð beingreiðslna B verður frá og með árinu 2021 37 m.kr. sbr. tafla 2 í viðauka 1 með samkomulagi þessu.

Beingreiðslur B skulu greiddast til framleiðenda í samræmi við fjölda fermetra í grunnfleti gróðurhúss sem nýttir eru til ræktunar á afurðum skv. 1. mgr. Forsenda greiðslna eru að ræktunin fari fram í a.m.k. 9 mánuði á ári. Jafnframt er heimilt að skilyrða greiðslur við að ræktunin sé að lágmarki stunduð á ákveðnum fermetrafjölda á ársgrundvelli. Þá er enn fremur heimilt að skilyrða greiðslur við að framleiðandi geri grein fyrir framleiðslu og sölu þeirra afurða sem ræktaðar eru í því húsnæði sem beingreiðslur B eru greiddar út á. Ákvæði þetta skal nánar útfært í reglugerð.

Greiddar verða beingreiðslur B frá og með 1. júlí 2020 og verða fjármunir til þeirra á árinu 37 m. kr. sbr. tafla 2 í viðauka 1. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ráðstafar þeim samkvæmt breyttum ákvæðum reglugerðar um stuðning við garðyrkju sem endurskoða skal fyrir 1. júní 2020.

**5. gr.**  
**Kynbótaverkefni**


Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið greiðir framlög til kynbótaverkefna í garðyrkju. Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögu til ráðherra um greiðslu framlaga að fenginni ráðgefandi umsögn fagráðs í garðyrkju. Sérstök áhersla verður lögð á loftslagstengd verkefni sbr. 2. gr. Fjármagn vegna liðarins verður tekið að hluta til úr fjármögnun sama liðar í 4. gr. rammisamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins auk viðbótar fjármagns sbr. tafla 2 í viðauka I með samkomulagi þessu.

Bændasamtök Íslands ráðstafa framlögum til kynbótaverkefna samkvæmt gildandi fyrirkomulagi vegna ársins 2020. Frá 1. janúar 2021 gildir breytt fyrirkomulag um ráðstöfun fjármunanna í heild.

**6. gr.**  
**Jarðræktarstyrkir**

Veittir verða jarðræktarstyrkir til útiræktunar á grænmeti og garðávöxtum til manneldis frá og með árinu 2021. Skilyrði fyrir greiðslum verða að viðurkennt túnkort fyrir spildur sem sótt er um framlög fyrir og að spildurnar verði skornar upp á því ári sem framlag er greitt. Skilyrði fyrir greiðslum er jafnframt að viðtakandi leggi fram skýrsluhald sem unnið er í jarðræktarforritinu Jörð eða sambærilegu forriti sem viðurkennt er af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, þar sem fram komi uppskerumagn, tegund ræktunar, notkun áburðar, notkun á plöntuverndarvörum og heildarstærð ræktunarrýmis. Framlag á hvern hektara (ha) fyrir hvert bú tekur mið af heildarfjölda ha sem sótt er um. Ekki er greitt framlag fyrir ræktun undir einum hektara. Með rótarafurðum er átt við allar afurðir til manneldis sem vaxa neðanjarðar eins og kartöflur, rófur, gulrætur, næpur og aðrar sambærilegar afurðir. Afurðir ræktaðar ofanjarðar eru m.a. blómkál, hvítkál, kínakál, rauðkál og aðrar sambærilegar afurðir. Hver framleiðandi getur ekki fengið hærri greiðslur samtals en 10% af því fjármagni sem til ráðstöfunar er árlega.

Fjöldi ha sem sótt er um	Stuðull umsótttra ha
1-30 ha	1,0 fyrir rótarafurðir



1-30 ha	4,0 fyrir afurðir ræktaðar ofanjarðar.
30 ha>	0,7 fyrir rótarafurðir
30 ha>	3,0 fyrir afurðir ræktaðar ofanjarðar.

Fjármagn vegna liðarins verður tekið að hluta til úr fjármögnun sama liðar í 5. gr. rammisamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins auk viðbótar fjármagns sbr. tafla 2 í viðauka I við samkomulag þetta.

Framlög til jarðræktarstyrkja samkvæmt samkomulaginu verða 70 m. kr. á árinu sbr. töflu 1 í viðauka I. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ráðstafar þeim samkvæmt ákvæðum breyttrar reglugerðar um stuðning við garðyrkju sem endurskoða skal fyrir 1. júní 2020.

#### 7. gr.

##### Rannsókn-, tilrauna- og þróunarstarf

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið greiðir þróunarfé til garðyrkjuverkefna. Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögu til ráðherra um greiðslu framlaga að fenginni riðgefandi umsögn Fagráðs í garðyrkju. Markmið þess er að styðja við fræðslu, rannsóknir, leiðbeiningarþjónustu og framþróun í garðyrkju. Styrkhæf eru; ráðgjafarverkefni, kynningarverkefni, rannsókn- eða tilraunaverkefni, vöruþróunarverkefni, verkefni sem mið að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og endurmenntunarverkefni. Fjármagn vegna liðarins verður tekið að hluta til úr fjármögnun liðarins „Þróunarfrámunir búgreina“ í 11. gr. rammisamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins auk viðbótar fjármagns sbr. tafla 2 í viðauka I við samkomulag þetta.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins ráðstafar þróunarfé til garðyrkjuverkefna vegna ársins 2020 samkvæmt ákvæðum gildandi reglugerðar nr. 1260/2018 um almennan stuðning við landbúnað. Frá 1. janúar 2021 ráðstafar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þróunarfé samkvæmt breyttum ákvæðum reglugerðar um stuðning við garðyrkju til samræmis við 1. mgr.

#### 8. gr.

##### Lifræn framleiðsla

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið greiðir framlög til aðlögunar að lifrænum framleiðsluháttum í garðyrkju. Markmiðið er að aðstoða framleiðendur við að uppfylla þær kröfur sem lifræn garðyrkjuframleiðsla hefur í för með sér og auka framboð slíkra vara á markaði. Frámunirnir eru ætlaðir til að styðja við aðlögun að lifrænum framleiðsluháttum. Úthlutun samkvæmt þessari grein verður með sambærilegum hætti og getið er um í 7. gr. rammisamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ráðstafar framlögum samkvæmt 1. mgr. samkvæmt ákvæðum breyttrar reglugerðar um stuðning við garðyrkju sem endurskoða skal fyrir 1. júní 2020.

#### 9. gr.

##### Hámarksgreiðslur

Aðilar eru sammála um að ákvæði 6. gr. gildandi samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða dags. 19. febrúar 2016 er varða hámarksgreiðslur eigi við um framleiðanda eða framleiðendur sem eru í eigu einstakra aðila, einstaklinga, lögaðila eða tengda aðila.

#### 10. gr.

##### Gagnagrunnur

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið stefnir að því að setja á fót gagnagrunn og mælaborð sem heldur utan um upplýsingar um matvælaframleiðslu á sviði landbúnaðar á Íslandi, þ.m.t. garðyrkju. Nauðsynlegt þykir að hafa yfirsýn yfir framleiðslu, sölu og birgðir í landinu m.a. vegna fæðuöryggis og slíkur gagnagrunnur eykur auk þess gagnsæi. Framleiðendur sem njóta stuðnings samkvæmt samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða skuldbinda sig til að veita upplýsingar til

ARF

skráningar í gagnagrunninn og verða skil á upplýsingum skilyrði fyrir greiðslum. Skýrsluhald verður nánar skilgreint í reglugerð. Upplýsingarnar munu endurspegla birgðastöðu innlendra garðyrkjuafurða og verða uppfærðar með reglulegu millibili innan hvers árs.

#### **11. gr.**

##### **Tollvernd**

Samningsaðilar munu á árinu 2020 láta greina hagkvæmni þess að taka upp uppskerutengdar greiðslur vegna útíræktaðra garðyrkjuafurða og kartafna gegn mögulegri niðurfellingu og/eða lækkun tollverndar. Niðurstöður skulu metnar við endurskoðun þessa samnings 2023. Ef breytingar verða gerðar á forsendum samningsins varðandi tollvernd, geta samningsaðilar óskað eftir viðræðum um endurskoðun þeirra atriða við endurskoðun þessa samnings 2023.

#### **12. gr.**

##### **Gildistími**

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og gildir til 31. desember 2026. Breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016 taka gildi frá og með 1. júlí 2020 með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í ákvæðum 3., 5. og 7. gr. og taka gildi 1. janúar 2021.

#### **13. gr.**

##### **Ýmis ákvæði**

Öll ákvæði samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016 sem er ekki breytt á grundvelli samkomulags þessa standa óbreytt.

Endurskoðuð skipting framlaga auk viðbótar fjármagns til verkefna í samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða auk samkomulags þessa koma fram í töflu 1 í viðauka 1 sem fylgir samkomulagi þessu. Skal viðaukinn skoðast sem hluti samkomulagsins og kemur tafla 1 í viðaukanum í stað töflu 1 í viðauka 1 í gildandi samningi.

Af samkomulagi þessu, auk töflu sem skoðast sem hluti samningsins, eru gerð fjögur samhljóða frumrit og skulu þau varðveitt hjá samningsaðilum, eitt hjá hverjum. Öllu framangreindu til staðfestingar rita til þess bærir aðilar nðfn sín hér að neðan.

Samkomulag þetta er undirritað f.h. íslenska ríkisins með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum lagabreytingum. Þá er samkomulagið undirritað með fyrirvara um samþykki nauðsynlegra breytinga á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins sbr. 5., 6. og 7. gr. samkomulagsins.

Samkomulag þetta er undirritað af hálfu Bændasamtaka Íslands og Sambands garðyrkjubænda.

Reykjavík, dags. 14. maí 2020.


F.h. ríkisstjórnar Íslands



Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

F.h. Bændasamtaka Íslands



Gunnar Þorgeirsson

Formaður Bændasamtaka Íslands



Bjarni Benediktsson

fjármála- og efnahagsráðherra

F.h. Sambands garðyrkjubænda



Helga Ragna Pálsdóttir

Varaformaður Sambands  
garðyrkjubænda

Vottur:



Unnur Brá Konráðsdóttir

formaður samninganefndar ríkisins

## Bréf hagsmunaaðila frá nóvember 2004

### Ályktun stjórna fagfélaga græna geirans vegna skipulags Landbúnaðarháskóla Íslands

Fundur stjórna fagfélaga græna geirans svokallaða (sjá upptalningu félaganna neðanmáls), haldinn þann 4. nóvember 2004 sendir frá sér svohljóðandi ályktun:

„Fundurinn leggur áherslu á að standa þurfi vörð um samfellda garðyrkjumenntun í landinu, frá grunnnámi upp í háskóla. Mikilvægt er að áfram sé unnið að garðyrkjumenntun í fullri sátt og samvinnu við atvinnulífið, eins og verið hefur.

Fundurinn krefst þess að sú uppbygging fari fram á Reykjum, lögheimili garðyrkjunnar, í samræmi við yfirlýsingar landbúnaðarráðherra. Fundurinn mótmælir því að garðyrkjunám sé slitið í sundur og komið fyrir á víð og dreif, eins og drög að skipuriti Landbúnaðarháskóla Íslands gera ráð fyrir.”

F.h. stjórna fagfélaga græna geirans:

Félag garðplöntuframleiðenda

Félag grænmetisframleiðenda

Félag blómaframleiðenda

Félag kartöfluframleiðenda

Samband garðyrkjubænda

Félag skrudgarðyrkjumeistara

Félag blómaverslana

Félag iðn- og tæknigreina

Félag blómaskreyta

SAMGUS – Samtök garðyrkju- og umhverfistjóra

FÍLA – Félag íslenskra landslagsarkitekta

## Ályktanir hagsmunafélaga 2019 – 2020

### Ályktun frá aðalfundi Félags skruðgarðyrkjumeistara 16. maí 2020.

Á fjölmennum aðalfundi Félags skruðgarðyrkjumeistara 16. maí síðastliðinn var samþykkt eftirfarandi ályktun.

16. maí 2020

*„Félag skruðgarðyrkjumeistara lýsir yfir vonbrigðum með stöðu mála varðandi málefni starfsmenntanáms innan vébanda Landbúnaðarháskóla Íslands. Niðurstaða starfshóps ráðherra hefur dregist vegna ástæðna sem rekja má til heimsfaraldurs en vinna hópsins hefur legið niðri síðan í febrúar. Þá er ljóst að aðilar starfshópsins munu ekki skila samhljóða álitum um framtíðarsýn garðyrkjumenntunar á Íslandi og hafa fulltrúar atvinnulífsins óskað formlega eftir aðskilnaði Garðyrkjuskólans að Reykjum frá Landbúnaðarháskóla Íslands við ráðherra menntamála. Fulltrúar atvinnulífsins tóku þátt í vinnu starfshópsins með opnum huga, að heilindum og von um jákvæða niðurstöðu. Aðgerðir stjórnenda skólans á meðan þessari vinnu stóð gengu þvert á orð ráðherra, gróf jafnframt undan vinnu starfshópsins og setur framtíð garðyrkjunnáms að Reykjum í uppnám. Félag skruðgarðyrkjumeistara sér ekki að starfsmenntanám í garðyrkju eigi sér framtíð innan Landbúnaðarháskóla Íslands og mun skoða mögulegar leiðir til þess að fólga nám í skruðgarðyrkju á jákvæðari vettvangi og umgjörð ef ekki kemur til stofnunar sjálfstæðs Garðyrkjuskóla að Reykjum í Ölfusi “*

### Ályktun Samtaka garðyrkju- og umhverfisstjóra 11. nóvember 2019

*„Við, félagar í samtökum garðyrkju- og umhverfisstjóra (SAMGUS) viljum koma á framfæri áhyggjum okkar varðandi yfirvofandi breytinga á starfsmenntanámum við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ).*

*Mikilvægt er að skoða hver sé krafa nútíma samfélags í umhverfismálum og hvernig menntakerfið ætlar að bregðast við þeirri kröfu. Jafnframt þarf að vera skýr framtíðarsýn um faglega umgjörð starfsmenntanáms sem tryggir færa sem og faglega starfsmenn á vinnumarkaði.*

*Að því sögðu vilja félagsmenn SAMGUS, sem starfa vítt og breitt um landið við hin ýmsu umhverfisverkefni s.s. garðyrkju og náttúruvernd, koma eftirfarandi á framfæri: Félagsmenn óska eftir:*

*Styrkingu starfsmenntanáms sem áhugavert og sjálfstætt nám á framhaldsskólastigi.*

*Að framtíð skruðgarðyrkju og tengdra greina í geiranum verði tryggð án togstreitu milli skólastiga og þessar námsgreinar fái að blómstra.*

*Að framtíðarsýn garðyrkjunnáms sem starfsmenntanáms verði skýr og umgjörð þess fagleg.*

*Við erum ánægð með nýsamþykktu námsskrá starfsmenntanámsins og fögnum þessari faglegu og góðu nálgun sem er þar komin frá fjölda hagsmunaaðila og fagfólks. Engu*

*að síður er nú kominn upp fullkominn trúnaðarbrætur á milli fagsins og rektors LbhÍ, Ragnheiðar Þórarinsdóttur.*

*Staða fagsins er grafalvarleg ef hugmyndir núverandi rektors við LbhÍ ná fram að ganga.*

*Við hörmum þetta ástand og treystum á að menntamálaráðherra tryggi framtíð starfsmenntanáms í garðyrkju.*

*Fyrir hönd félagsmanna SAMGUS.*

*Berglind Ásgeirsdóttir, formaður.“*

### **Ályktun frá félagsfundi Sambands garðyrkjubænda 23. október 2019**

*„Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi, sem starfað hafði sjálfstætt frá stofnun hans 1939, var sameinaður Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) fyrir 15 árum. Hefur garðyrkjunám verið starfrækt innan starfs- og endurmenntunardeildar skólans. Þær breytingar hafa ekki skilað þeim árangri sem vænst var. Garðyrkjunámið hefur frá sameiningu liðið fyrir þær tilraunir LbhÍ að leggja skólahald að Reykjum niður og dreifa því á ýmsar deildir innan skólans.*

*Garðyrkjunámið að Reykjum er starfsmenntanám í nánnum tengslum við atvinnugreinina. Það er algjört lykilatriði í sókn og áframhaldandi uppbyggingu garðyrkjunnar á Íslandi að vel sé staðið að þessu námi, og því sinnt af metnaði og þekkingu á þörfum atvinnulífsins.*

*Þær breytingar sem nú eru boðaða án nokkurs samráðs við atvinnugreinina, rýra mjög hlut starfsmenntanáms í garðyrkju sem sjálfstæðs fagnáms.*

*Samband garðyrkjubænda telur núverandi aðstæður óviðunandi og að brýn nauðsyn sé á að starfsmenntanám í garðyrkju á Íslandi verði fært undan LbhÍ, og verði framvegis sjálfstæð rekstrareining. Það er eindreginn vilji þeirra sem starfa innan vébanda Sambands garðyrkjubænda að þegar í stað verði gengið til þeirra verka.“*

Fundurinn felur stjórn og framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir.

## Erindi frá stjórn Landssambands skógareigenda 8. maí 2020

8. maí 2020

Mennta- og menningarmálaráðherra,  
Lilja Alfreðsdóttir,  
Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík

**Erindi: Alvarleg staða starfsmenntanáms í skógrækt og tengdum greinum.**

Hæstvirtur Mennta- og menningarmálaráðherra.

*Stjórn Landssamtaka skógareigenda (LSE) lýsir yfir áhyggjum vegna alvarlegrar stöðu starfsmenntanáms LbhÍ við Garðyrkjuskólann á Reykjum. Leggur stjórn LSE áherslu á að þegar í stað verði starfsmenntanám í garðyrkju, skógrækt og tengdum greinum vistað utan Landbúnaðarháskóla Íslands. Lagt er til að nýtt fyrirkomulag taki gildi og hefjist haustið 2020.*

Allt frá upphafi bændaskógræktar, sem nær yfir 30 ár, hefur Garðyrkjuskólinn á Reykjum leitt endurmenntun skógarbænda með mikilli festu og myndarbrag. *Grænni skógar I og Grænni skógar II*, sem er þriggja ára nám í formi námskeiðaraða fyrir skógarbændur, hafa útskrifað mörg hundruð skógarbændur um allt land. Það hefur skilað sér í góðum árangri í ræktun nytjaskóga, sem eru að vaxa upp um allt land og eru byrjaðir að gefa af sér nytjar.

Auk þess hefur skólinn á Reykjum menntað fólk og útskrifa með undirstöðuþekkingu í störfum sem lúta að skógrækt og umönnun umhverfis. Þetta nám hefur skilað mögum einstaklingum út í atvinnulífið sem eru að vinna í skógrækt og öðrum umhverfisverkefnum.

Síðan menntar skólinn fólk í ræktun skógarplantna, sem er jú grunnur að góðum árangri í skógrækt.

Það er mjög mikilvægt að undirstaða skógræktar á Íslandi, sem er menntun, verði ekki fyrir áföllum sem virðist stefna í með boðuðum breytingum á starfsmenntanámum á Reykjum. Stjórn LSE vill því skora á Mennta- og menningarmálaráðherra að gripa inn í alvarlega stöðu Garðyrkjuskólans og finna honum nýjan farveg utan LbhÍ ein fljótt og auðið er.



Virðingafyllst.

f.h. Stjórnar Landssamtaka skógareigenda

Hlynur Gauti Sigurðsson



# Erindi frá starfsmönnum að Reykjum til Mennta- og menningarmálaráðherra dagsett 19. júní 2020.

## Yfirlýsing til mennta- og menningarmálaráðherra

Reykjum, 19. júní 2020

Undirritaðir starfsmenn garðyrkjubrauta Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum lýsa því yfir að verði ekki breyting á stjórnun skólans án tafar, muni þeir íhuga alvarlega að láta af störfum við skólann.

Ný stefna og skipurit LbhÍ, sem litu dagsins ljós fyrir um ári síðan, hafa haft í för með sér gagngerar breytingar á stöðu og umgjörð garðyrkjunáms á framhaldsskólastigi. Skólinn hefur í gegnum tíðina átt mjög gott samstarf við atvinnulíf garðyrkjunnar. Þessar breytingar eru gerðar án raunverulegs samráðs við starfsmenn garðyrkjubrauta og við atvinnulíf garðyrkjunnar. Þær athugasemdir sem starfsmenn og atvinnulífið hafa gert við stefnu og skipurit hafa verið að engu hafðar.

Starfsmenn búa við stjórnun þar sem stjórnað er án alls raunverulegs samráðs, ábendingar og athugasemdir hundsáðar og illa gengið um mannauð skólans. Reynslan af þessu óviðunandi ástandi síðastliðið eitt og hálf t ár hefur haft í för með sér að undirritaðir starfsmenn bera ekkert traust til rektors. Ítrekaðar tilraunir starfsmanna til samtals við stjórnendur benda ekki til að ástandið muni lagast.

Að óbreyttu telja starfsmenn sig ekki eiga annarra úrkosta en að íhuga uppsagnir.

### Undir þetta rita:

Guðríður Helgadóttir, fyrrverandi forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar

Ágústa Erlingsdóttir, námsbrautarstjóri skrúðgarðyrkju

Björgvin Örn Eggertsson, námsbrautarstjóri skógar og náttúru

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, námsbrautarstjóri blómaskreytingabrautar

Ingólfur Guðnason, námsbrautarstjóri garðyrkjuframleiðslu

Jón Kristófer Arnarson, sérfræðingur

# Erindi til mennta- og menningarmálaráðherra dags. 14. apríl 2020

14. apríl 2020

Mennta- og menningarmálaráðherra,  
Lilja Alfreðsdóttir,  
Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík

**Erindi: Alvarleg staða og nauðsynlegar breytingar á stöðu starfsmenntanáms í garðyrkju.**

Hæstvirtur Mennta- og menningarmálaráðherra.

Eftirtaldir óska hér með eftir því að gengið verði þegar í stað til þess að vista starfsmenntanám í garðyrkju utan Landbúnaðarháskóla Íslands. Kennsla með nýju fyrirkomulagi hefjist haustið 2020.

Allt frá því að gerð og innleiðing nýrrar stefnu Landbúnaðarháskólans hófst sl. vor, hefur legið ljóst fyrir að stjórnendur Landbúnaðarháskólans hafa ekki vilja til samstarfs eða samráðs við þau félög sem starfa á vettvangi garðyrkju, né starfsgreinaráð Umhverfis- og landbúnaðargreina. Framangreindir fulltrúar atvinnulífsins hafa gert margvíslegar athugasemdir varðandi þær breytingar sem gerðar hafa verið á náminu og umgjörð þess. Í meðfylgjandi greinargerð eru þær athugasemdir raktar og ferill málsins að nokkru.

Með skipan þess starfshóps sem Mennta- og menningarmálaráðherra setti á fót 1. nóvember sl. stóðu vonir til að hægt yrði að móta í sameiningu heppilegan farveg fyrir námið, enda yrðu engar breytingar gerðar á skipan starfsmenntanáms í garðyrkju meðan hópurinn væri að störfum. Ítrekað hafa stjórnendur Landbúnaðarháskólans gengið gegn þessum áformum, nú síðast þegar háskólaráð samþykkti nýjar reglur skólans.

Það eru djúpstæð vonbrigði að ekki skuli vera borin virðing fyrir sjónarmiðum og vinnuframlagi fulltrúa atvinnulífsins af hálfu stjórnenda Landbúnaðarháskólans en kemur því miður ekki á óvart. Þetta skýtur hins vegar skökku við þar sem áherslur og áhugi stjórnvalda hefur í auknum mæli beinst að eflingu starfsmenntanáms og stuðningi við það.

Þær breytingar sem verið er að gera á starfsmenntanámi í garðyrkju og umgjörð þess, stefna gæðum námsins, stöðu og árangri í óefni. Í ljósi þessa óska nú eftirtaldir eftir því að þegar verði gengið til þess að vista námið utan Landbúnaðarháskóla Íslands og án afskipta þaðan. Eftirtaldir aðilar lýsa jafnframt yfir vilja og áhuga á að koma að vinnu við mótun námsins til framtíðar í því skyni að efla námið og íslenska garðyrkju í heild.

Virðingafyllt.

Fulltrúar atvinnulífs í starfshópi ráðherra um stöðu starfsmenntanáms við Lbhí  
Félag garðplöntuframleiðenda  
Félag iðn- og tæknigreina  
Félag skrudgarðyrkjumeistara  
Samband garðyrkjubænda  
Samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitarfélaga (SAMGUS)  
Starfsgreinaráð Umhverfis- og landbúnaðargreina

## **Bókun hagsmunafélaga garðyrkunnar um sérálit frá 15. júní sl.**

Hagsmunaaðilar í garðyrkju komu saman til fundar 15. júní sl. til að ræða stöðuna en fyrir lá fundarboð í starfshópi þann 16. júní. Á fundinum var samþykkt eftirfarandi bókun:

*„Fulltrúar atvinnulífs í starfshópi sem skipaður var í framhaldi af fundi sem haldinn var þann 1. nóvember 2019 í menntamálaráðuneytinu er falið að koma á framfæri eftirfarandi:*

*Þau drög að niðurstöðu starfshópsins sem nú liggja fyrir ganga þvert á þær óskir sem atvinnulífið hefur lagt upp með í málinu. Það eru vonbrigði að ekki skuli hafa náðst sameiginleg niðurstaða úr þessari vinnu þar sem sjónarmið atvinnulífsins og valkostir varðandi námið, meðal annars vistun þess utan LbhÍ, hafa ekki fengist rædd og sjónarmið atvinnulífsins almennt ekki fengið hljómgrunn til jafns við önnur.*

*Það hefur því verið ákveðið að fulltrúar atvinnulífsins muni skila séráliti.*

*Félag garðplöntuframleiðenda*

*Samband garðyrkjubænda*

*FIT, Félag iðn- og tæknigreina*

*SAMGUS, Samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitarfélaga*

*Félag skrúðgarðyrkjumeistara*

*LSE, Landssamband skógareigenda*

*Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina“*